

# Frumvarp til fjáráukalaga

## fyrir árið 2022, sbr. lög nr. 72/2022.

(Lagt fyrir Alþingi á 153. löggjafarþingi 2022–2023.)

---

### Efnisyfirlit

	Bls.
<b>Lagagreinar</b>	
1. gr. Fjárheimildir málefnasviða.....	3
2. gr. Fjárheimildir málefnasviða og málaflokka.....	5
3. gr. Heimildir.....	9
<b>Sundurliðun</b>	
1. Fjárheimildir málefnasviða eftir málaflokkum.....	10
<b>Greinargerð</b>	
Inngangur.....	41
1. Gjöld ríkissjóðs (A1-hluta).....	46
2. Heimildir.....	52
3. Endurmat á afkomu ársins 2022.....	53
 Greinargerð við einstaka málaflokka.....	 56

PRENTMET ODDI

ISSN 1607-811X

# A1-hluti

## Fjárheimildir ríkissjóðs (A1-hluta) eftir málefnasviðum

1. gr.

Eftirlidar breytingar verða á 3. gr. fjárlaga fyrir árið 2022 um fjárheimildir fyrir málefnasvið ríkissjóðs (A1-hluta).

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildar- fjárheimild	Rekstrar- tekjur	Framlag úr ríkissjóði
03 Eðsta stjórnsýsla .....	-32,0			32,0	650,0		650,0
04 Utanríkismál .....	650,0						
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....							
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár .....	-384,4			-2,7	-387,1	257,6	-129,5
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar .....		1.786,6			1.786,6		1.786,6
08 Sveitarfélög og byggðamál .....		2.230,0			2.230,0		2.230,0
09 Almanna- og réttarýggi .....	363,9			46,1	410,0		410,0
10 Rétt. einstaki, trúmál og stjórnsýsla dómsmála .....	-39,0			29,0	-10,0		-10,0
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....		352,2			352,2		352,2
12 Landbúnaður .....	63,4	2.255,6			2.319,0		2.319,0
13 Sjávarútvegur og fiskeldi .....	-50,0	-50,0			-100,0		-100,0
17 Umhverfismál .....	-70,0			70,0			
18 Menning, listir, íþrótt- og æskulýðsmál .....	235,6	953,4		-85,0	1.104,0		1.104,0
20 Framhaldsskólastig .....	10,5	15,0			25,5		25,5
21 Háskólastig .....	-65,5				-65,5		-65,5
22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og barnamála .....	10.066,1	100,0			100,0		100,0
23 Sjúkrahúsþjónusta .....	1.944,7	-345,8			9.720,3		9.720,3
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	1.052,9	1.414,9			3.359,6		3.359,6
25 Hjúkrunar- og endurhæfingjarþjónusta .....	306,0	3.838,3		-17,9	1.035,0		1.035,0
26 Lyf og lækningavörur .....		1.055,0			4.144,3		3.534,3
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks .....		2.300,0			1.055,0		1.055,0
29 Fjölskyldumál .....	668,8				2.968,8		2.968,8
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....	-216,0			216,0			

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tillfærslur	Fjármagns- tillfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildar- fjárheimild	Rekstrar- tekjur	Framlag úr ríkissjóði
31 Húsnæðis- og skipulagsmál .....	379,9			2,7	382,6	-257,6	125,0
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála .....	201,7			19,0	220,7		220,7
33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi .....	37.048,0				37.048,0		1.973,0
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir .....	17.873,9	-17.873,9		5.981,0	5.981,0		5.981,0
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna .....	400,0				400,0		400,0
<b>Samtals</b>	<b>70.408,5</b>	<b>-1.968,7</b>		<b>6.290,2</b>	<b>74.730,0</b>		<b>39.045,0</b>

## A1-hluti

### Fjárheimildir ríkissjóðs (A1-hluta) eftir málefnasviðum og málaflokkum

2. gr.

Eftirtaldir breytingar verða á 4. gr. fjárlaga fyrir árið 2022 um framlög úr ríkissjóði (A1-hluta) og fjárheimildir sundurliðaðar eftir málefnasviðum, málaflokkum og ráðuneytum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildar- fjárheimild	Framlag úr ríkissjóði
<b>01 Forsætisráðuneyti.....</b>	<b>-32,0</b>			<b>32,0</b>		
03 Æðsta stjórnýsla.....	-32,0			32,0		
03.30 Forsætisráðuneyti.....	-32,0			32,0		
<b>02 Mennta- og barnamálaráðuneyti.....</b>	<b>140,5</b>	<b>525,0</b>			<b>665,5</b>	<b>665,5</b>
18 Menning, listir, íþrótt- og æskulýðsmál.....		480,0			480,0	480,0
18.40 Íþrótt- og æskulýðsmál.....		480,0			480,0	480,0
20 Framhaldsskólastig.....	10,5	15,0			25,5	25,5
20.10 Framhaldsskólur.....	10,5	15,0			25,5	25,5
22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og barnamála.....		30,0			30,0	30,0
22.10 Leikskóla- og grunnskólastig.....		30,0			30,0	30,0
29 Fjölskyldumál.....	130,0				130,0	130,0
29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn.....	130,0				130,0	130,0
<b>03 Utanríkisráðuneyti.....</b>	<b>1.050,0</b>				<b>1.050,0</b>	<b>1.050,0</b>
04 Utanríkismál.....	650,0				650,0	650,0
04.30 Samstarf um öryggis- og varnamál.....	650,0				650,0	650,0
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna.....	400,0				400,0	400,0
35.10 Þróunarsamvinna.....	400,0				400,0	400,0
<b>04 Matvælaráðuneyti.....</b>	<b>13,4</b>	<b>2.205,6</b>			<b>2.219,0</b>	<b>2.219,0</b>
12 Landbúnaður.....	63,4	2.255,6			2.319,0	2.319,0
12.10 Stjórnun landbúnaðarmála.....		2.189,0			2.189,0	2.189,0
12.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum.....	-86,6	66,6			-20,0	-20,0
12.60 Stjórnýsla matvælaráðuneytis.....	150,0				150,0	150,0
13 Sjávarútvegur og fiskeldi.....	-50,0	-50,0			-100,0	-100,0
13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi.....	-50,0	-50,0			-100,0	-100,0
<b>06 Dómsmálaráðuneyti.....</b>	<b>324,9</b>			<b>75,1</b>	<b>400,0</b>	<b>400,0</b>
09 Almanna- og réttaröryggi.....	363,9			46,1	410,0	410,0
09.10 Löggæsla.....	335,8			46,1	381,9	381,9
09.50 Fullnustumál.....	28,1				28,1	28,1
10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnýsla dómsmála.....	-39,0			29,0	-10,0	-10,0
10.10 Persónuvernd.....	3,2				-3,2	
10.30 Sýslumenn.....	-4,0				4,0	
10.40 Stjórnýsla dómsmálaráðuneytis.....	-31,2			21,2	-10,0	-10,0
10.50 Útlendingamál.....	-7,0				7,0	
<b>07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti.....</b>	<b>374,0</b>	<b>2.325,0</b>		<b>216,0</b>	<b>2.915,0</b>	<b>2.915,0</b>
22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og barnamála.....		70,0			70,0	70,0
22.20 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig.....		70,0			70,0	70,0
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks.....		1.055,0			1.055,0	1.055,0
27.10 Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir.						
27.20 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, örorka.....		405,0			405,0	405,0
27.40 Aðrar örorkugreiðslur (Önnur velferðarmál, lífeyristrygg.		650,0			650,0	650,0
29 Fjölskyldumál.....	538,8	1.200,0			1.738,8	1.738,8
29.20 Fæðingarorlof.....		1.200,0			1.200,0	1.200,0
29.30 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, fjölskyldur.....		-300,0			-300,0	-300,0
29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn.....	243,5	300,0			543,5	543,5
29.70 Málefni innflytjenda og flóttamanna.....	295,3				295,3	295,3

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildar- fjárheimild	Framlag úr rikissjóði
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi.....	-216,0			216,0		
30.10 Vinnumál og atvinnuleysi.....	-117,8			211,0	93,2	93,2
30.20 Vinnumarkaður.....	-98,2			5,0	-93,2	-93,2
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála.....	51,2				51,2	51,2
32.40 Stjórnsýsla félagsmála.....	51,2				51,2	51,2
<b>08 Heilbrigðisráðuneyti.....</b>	<b>13.520,2</b>	<b>4.907,4</b>		<b>1,1</b>	<b>18.428,7</b>	<b>17.818,7</b>
23 Sjúkrahúsjónusta.....	10.066,1	-345,8			9.720,3	9.720,3
23.10 Sérhæfð sjúkrahúsjónusta.....	9.937,5	-345,8			9.591,7	9.591,7
23.20 Almenn sjúkrahúsjónusta.....	128,6				128,6	128,6
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa.....	1.944,7	1.414,9			3.359,6	3.359,6
24.10 Heilsugæsla.....	1.934,7	46,9			1.981,6	1.981,6
24.20 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun.....		1.135,9			1.135,9	1.135,9
24.30 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun.....	10,0	58,0			68,0	68,0
24.40 Sjúkraflutningar.....		174,1			174,1	174,1
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta.....	1.052,9			-17,9	1.035,0	1.035,0
25.10 Hjúkrunar- og dvalarrými.....	1.037,9			-17,9	1.020,0	1.020,0
25.20 Endurhæfingarþjónusta.....	15,0				15,0	15,0
26 Lyf og lækningavörur.....	306,0	3.838,3			4.144,3	3.534,3
26.10 Lyf.....	306,0	2.909,3			3.215,3	2.605,3
26.30 Hjálparteki.....		929,0			929,0	929,0
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála.....	150,5			19,0	169,5	169,5
32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit.....	118,7				118,7	118,7
32.30 Stjórnsýsla heilbrigðismála.....	31,8			19,0	50,8	50,8
<b>09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti.....</b>	<b>17.921,9</b>	<b>-16.773,9</b>		<b>5.981,0</b>	<b>7.129,0</b>	<b>7.129,0</b>
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla.....						
05.10 Skattar og innheimta.....	-75,9				-75,9	-75,9
05.30 Fjármálaumsýsla ríkisins.....	35,0				35,0	35,0
05.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála.....	40,9				40,9	40,9
29 Fjölskyldumál.....		1.100,0			1.100,0	1.100,0
29.10 Barnabætur.....		1.100,0			1.100,0	1.100,0
33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi.....	48,0				48,0	48,0
33.20 Ríkisábyrgðir.....	48,0				48,0	48,0
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir.....	17.873,9	-17.873,9		5.981,0	5.981,0	5.981,0
34.20 Sértækar fjárráðstafanir.....				5.981,0	5.981,0	5.981,0
34.30 Afskriftir skattkrafna.....	17.873,9	-17.873,9				
<b>10 Innviðaráðuneyti.....</b>	<b>-4,5</b>	<b>2.582,2</b>			<b>2.577,7</b>	<b>2.577,7</b>
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár.....	-384,4			-2,7	-387,1	-129,5
06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál.....	-384,4			-2,7	-387,1	-129,5
08 Sveitarfélög og byggðamál.....		2.230,0			2.230,0	2.230,0
08.10 Framlög til sveitarfélaga.....		2.230,0			2.230,0	2.230,0
11 Samgöngu- og fjarskiptamál.....		352,2			352,2	352,2
11.10 Samgöngur.....		300,0			300,0	300,0
11.20 Fjarskipti.....		52,2			52,2	52,2
31 Húsnæðis- og skipulagsmál.....	379,9			2,7	382,6	125,0
31.10 Húsnæðismál.....	379,9			2,7	382,6	125,0
<b>14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.....</b>	<b>-70,0</b>			<b>70,0</b>		
17 Umhverfismál.....	-70,0			70,0		
17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla.....				71,0	71,0	71,0
17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands.....	25,0			-25,0		
17.50 Stjórnsýsla umhverfismála.....	-95,0			24,0	-71,0	-71,0

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildar- fjárheimild	Framlag úr rikissjóði
<b>16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti.....</b>	<b>235,6</b>	<b>2.200,0</b>		<b>-85,0</b>	<b>2.350,6</b>	<b>2.350,6</b>
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar.....		1.726,6			1.726,6	1.726,6
07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar.....		1.726,6			1.726,6	1.726,6
18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál.....	235,6	473,4		-85,0	624,0	624,0
18.10 Safnamál.....	25,0			-25,0		
18.20 Menningarstofnanir.....	206,1			-60,0	146,1	146,1
18.30 Menningarsjóðir.....		457,5			457,5	457,5
18.50 Stjórnsýsla menningar og viðskipta.....	4,5	15,9			20,4	20,4
<b>17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti.....</b>	<b>-65,5</b>	<b>60,0</b>			<b>-5,5</b>	<b>-5,5</b>
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar.....		60,0			60,0	60,0
07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar.....		60,0			60,0	60,0
21 Háskólastig.....	-65,5				-65,5	-65,5
21.10 Háskólar og rannsóknastarfssemi.....	-65,5				-65,5	-65,5
<b>19 Vaxtagjöld rikissjóðs.....</b>	<b>37.000,0</b>				<b>37.000,0</b>	<b>1.925,0</b>
33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi.....	37.000,0				37.000,0	1.925,0
33.10 Fjármagnskostnaður.....	37.000,0				37.000,0	1.925,0
<b>Samtals.....</b>	<b>70.408,5</b>	<b>-1.968,7</b>		<b>6.290,2</b>	<b>74.730,0</b>	<b>39.045,0</b>

Ýmis ákvæði  
**Heimildir**

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2022:

**Nýir og breyttir liðir:**

- 7.21 Að heimila Kríu, sem er sprota- og nýsköpunarsjóður í eigu ríkisins, að fjárfesta fyrir allt að 1.940 m.kr. í samræmi við fjárfestingaráætlun sjóðsins og að greiða allt að 418 m.kr. af áætluðum 8.300 m.kr. heildarfjárfestingum hans. Jafnframt að ákveða að gengisáhætta Kríu vegna fjárfestingaloforða í erlendri mynt verði hjá ríkissjóði.
- 7.25 Að þiggja að gjöf fasteignir undir fiskeldi að Hólum í Hjaltadal undir starfsemi Háskólans á Hólum.
- 7.26 Að taka við glerlistaverki sem fært verður íslensku þjóðinni að gjöf og komið verður fyrir í íslenskri náttúru ásamt því að fella niður eða endurgreiða gjöld og annan kostnað við flutning listaverksins til landsins og koma því fyrir á viðeigandi stað.



## Sundurliðun 1

**Fjárheimildir málefnasviða eftir málaflokkum og ráðuneytum****03 Æðsta stjórnarsýsla****03.30 Forsætisráðuneyti***01 Forsætisráðuneyti*

Rekstrarframlög .....	-32,0
Fjárfestingarframlög .....	32,0
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	0,0

<b>03 Æðsta stjórnarsýsla, heildargjöld .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>

m.kr.

**04 Utanríkismál****04.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál***03 Utanríkisráðuneyti*

Rekstrarframlög .....	650,0
-----------------------	-------

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	650,0
-----------------------------	-------

<b>04 Utanríkismál, heildargjöld .....</b>	<b>650,0</b>
--	--------------

<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>0,0</b>
-----------------------------	------------

<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>650,0</b>
------------------------------------	--------------

<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>
----------------------------------	------------

## 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

### 05.10 Skattar og innheimta

#### 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Rekstrarframlög .....	-75,9
-----------------------	-------

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	-75,9
-----------------------------	-------

### 05.30 Fjármálaumsýsla ríkisins

#### 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Rekstrarframlög .....	35,0
-----------------------	------

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	35,0
-----------------------------	------

### 05.40 Stjórnarsýsla ríkisfjármála

#### 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Rekstrarframlög .....	40,9
-----------------------	------

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	40,9
-----------------------------	------

<b>05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla, heildargjöld .....</b>	<b>0,0</b>
--	------------

<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>0,0</b>
-----------------------------	------------

<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>0,0</b>
------------------------------------	------------

<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>
----------------------------------	------------

## 06 Hagskýrslugerð og grunnskrár

### 06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

#### 10 Innviðaráðuneyti

Rekstrarframlög .....	-384,4
Fjárfestingarframlög .....	-2,7
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>-387,1</b>
Fjármögnun:	
Rekstrartekjur .....	257,6
Framlag úr ríkissjóði .....	-129,5

<b>06 Hagskýrslugerð og grunnskrár, heildargjöld .....</b>	<b>-387,1</b>
<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>257,6</b>
<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>-129,5</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>

## 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar

### 07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar

#### *16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti*

Rekstrartilfærslur ..... 1.726,6

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 1.726,6

#### *17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti*

Rekstrartilfærslur ..... 60,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 60,0

**07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar, heildargjöld ..... 1.786,6**

**Rekstrartekjur ..... 0,0**

**Framlag úr ríkissjóði ..... 1.786,6**

**Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

## 08 Sveitarfélög og byggðamál

### 08.10 Framlög til sveitarfélaga

#### 10 Innviðaráðuneyti

Rekstrartilfærslur .....	2.230,0
--------------------------	---------

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	2.230,0
-----------------------------	---------

<b>08 Sveitarfélög og byggðamál, heildargjöld .....</b>	<b>2.230,0</b>
---	----------------

<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>0,0</b>
-----------------------------	------------

<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>2.230,0</b>
------------------------------------	----------------

<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>
----------------------------------	------------

m.kr.

**09 Almanna- og réttaröryggi****09.10 Löggæsla***06 Dómsmálaráðuneyti*

Rekstrarframlög .....	335,8
Fjárfestingarframlög .....	46,1
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>381,9</b>
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	381,9

**09.50 Fullnustumál***06 Dómsmálaráðuneyti*

Rekstrarframlög .....	28,1
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	28,1

<b>09 Almanna- og réttaröryggi, heildargjöld .....</b>	<b>410,0</b>
<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>410,0</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>

## 10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála

### 10.10 Persónuvernd

#### 06 Dómsmálaráðuneyti

Rekstrarframlög .....	3,2
Fjárfestingarframlög .....	-3,2
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	0,0

### 10.30 Sýslumenn

#### 06 Dómsmálaráðuneyti

Rekstrarframlög .....	-4,0
Fjárfestingarframlög .....	4,0
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	0,0

### 10.40 Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis

#### 06 Dómsmálaráðuneyti

Rekstrarframlög .....	-31,2
Fjárfestingarframlög .....	21,2
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>-10,0</b>
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	-10,0

### 10.50 Útlendingamál

#### 06 Dómsmálaráðuneyti

Rekstrarframlög .....	-7,0
Fjárfestingarframlög .....	7,0
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	0,0



	m.kr.
<b>10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnslýsla dómsmála, heildargjöld . . . . .</b>	<b>-10,0</b>
<b>Rekstrartekjur . . . . .</b>	<b>0,0</b>
<b>Framlag úr ríkissjóði . . . . .</b>	<b>-10,0</b>
<b>Viðskiptahreyfingar . . . . .</b>	<b>0,0</b>

## 11 Samgöngu- og fjarskiptamál

### 11.10 Samgöngur

#### 10 Innviðaráðuneyti

Rekstrartilfærslur ..... 300,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 300,0

### 11.20 Fjarskipti

#### 10 Innviðaráðuneyti

Rekstrartilfærslur ..... 52,2

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 52,2

**11 Samgöngu- og fjarskiptamál, heildargjöld ..... 352,2**

**Rekstrartekjur ..... 0,0**

**Framlag úr ríkissjóði ..... 352,2**

**Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

## 12 Landbúnaður

### 12.10 Stjórnun landbúnaðarmála

#### 04 Matvælaráðuneyti

Rekstrartilfærslur .....	2.189,0
--------------------------	---------

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	2.189,0
-----------------------------	---------

### 12.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum

#### 04 Matvælaráðuneyti

Rekstrarframlög .....	-86,6
-----------------------	-------

Rekstrartilfærslur .....	66,6
--------------------------	------

<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>-20,0</b>
---------------------------------	--------------

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	-20,0
-----------------------------	-------

### 12.60 Stjórnsýsla matvælaráðuneytis

#### 04 Matvælaráðuneyti

Rekstrarframlög .....	150,0
-----------------------	-------

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	150,0
-----------------------------	-------

<b>12 Landbúnaður, heildargjöld .....</b>	<b>2.319,0</b>
---	----------------

<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>0,0</b>
-----------------------------	------------

<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>2.319,0</b>
------------------------------------	----------------

<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>
----------------------------------	------------

## 13 Sjávarútvegur og fiskeldi

### 13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi

#### 04 Matvælaráðuneyti

Rekstrarframlög .....	-50,0
Rekstrartilfærslur .....	-50,0
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>-100,0</b>
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	-100,0

<b>13 Sjávarútvegur og fiskeldi, heildargjöld .....</b>	<b>-100,0</b>
<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>-100,0</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>

## 17 Umhverfismál

### 17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla

#### 14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti

Fjárfestingarframlög ..... 71,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 71,0

### 17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands

#### 14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti

Rekstrarframlög ..... 25,0

Fjárfestingarframlög ..... -25,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 0,0

### 17.50 Stjórnsýsla umhverfismála

#### 14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti

Rekstrarframlög ..... -95,0

Fjárfestingarframlög ..... 24,0

**Heildarfjárheimild ..... -71,0**

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... -71,0

**17 Umhverfismál, heildargjöld ..... 0,0**

**Rekstrartekjur ..... 0,0**

**Framlag úr ríkissjóði ..... 0,0**

**Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

## 18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál

### 18.10 Safnamál

#### 16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti

Rekstrarframlög .....	25,0
Fjárfestingarframlög .....	-25,0
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	0,0

### 18.20 Menningarstofnanir

#### 16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti

Rekstrarframlög .....	206,1
Fjárfestingarframlög .....	-60,0
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>146,1</b>
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	146,1

### 18.30 Menningarsjóðir

#### 16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti

Rekstrartilfærslur .....	457,5
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	457,5

### 18.40 Íþróttar- og æskulýðsmál

#### 02 Mennta- og barnamálaráðuneyti

Rekstrartilfærslur .....	480,0
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	480,0

m.kr.

**18.50 Stjórnarsýsla menningar og viðskipta***16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti*

Rekstrarframlög .....	4,5
Rekstrartilfærslur .....	15,9
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>20,4</b>
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	20,4

<b>18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál, heildargjöld .....</b>	<b>1.104,0</b>
<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>1.104,0</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>

## 20 Framhaldsskólastig

### 20.10 Framhaldsskólar

#### 02 Mennta- og barnamálaráðuneyti

Rekstrarframlög .....	10,5
Rekstrartilfærslur .....	15,0
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>25,5</b>
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	25,5

<b>20 Framhaldsskólastig, heildargjöld .....</b>	<b>25,5</b>
<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>25,5</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>



## 21 Háskólastig

### 21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi

*17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti*

Rekstrarframlög .....	-65,5
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	-65,5
<b>21 Háskólastig, heildargjöld .....</b>	<b>-65,5</b>
<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>-65,5</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>

## 22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og barnamála

### 22.10 Leikskóla- og grunnskólastig

#### 02 Mennta- og barnamálaráðuneyti

Rekstrartilfærslur ..... 30,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 30,0

### 22.20 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig

#### 07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

Rekstrartilfærslur ..... 70,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 70,0

**22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og barnamála, heildargjöld .. 100,0**

**Rekstrartekjur ..... 0,0**

**Framlag úr ríkissjóði ..... 100,0**

**Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

## 23 Sjúkrahúsjónusta

### 23.10 Sérhæfð sjúkrahúsjónusta

#### 08 Heilbrigðisráðuneyti

Rekstrarframlög .....	9.937,5
Rekstrartilfærslur .....	-345,8
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>9.591,7</b>
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	9.591,7

### 23.20 Almenn sjúkrahúsjónusta

#### 08 Heilbrigðisráðuneyti

Rekstrarframlög .....	128,6
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	128,6

<b>23 Sjúkrahúsjónusta, heildargjöld .....</b>	<b>9.720,3</b>
<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>9.720,3</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>

## 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa

### 24.10 Heilsugæsla

#### 08 Heilbrigðisráðuneyti

Rekstrarframlög .....	1.934,7
Rekstrartilfærslur .....	46,9
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>1.981,6</b>
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	1.981,6

### 24.20 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun

#### 08 Heilbrigðisráðuneyti

Rekstrartilfærslur .....	1.135,9
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	1.135,9

### 24.30 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun

#### 08 Heilbrigðisráðuneyti

Rekstrarframlög .....	10,0
Rekstrartilfærslur .....	58,0
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>68,0</b>
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	68,0

m.kr.

**24.40 Sjúkraflutningar***08 Heilbrigðisráðuneyti*

Rekstrartilfærslur .....	174,1
--------------------------	-------

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	174,1
-----------------------------	-------

<b>24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa, heildargjöld .....</b>	<b>3.359,6</b>
---	----------------

<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>0,0</b>
-----------------------------	------------

<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>3.359,6</b>
------------------------------------	----------------

<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>
----------------------------------	------------

## 25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta

### 25.10 Hjúkrunar- og dvalarrými

#### 08 Heilbrigðisráðuneyti

Rekstrarframlög .....	1.037,9
Fjárfestingarframlög .....	-17,9
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>1.020,0</b>
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	1.020,0

### 25.20 Endurhæfingarþjónusta

#### 08 Heilbrigðisráðuneyti

Rekstrarframlög .....	15,0
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	15,0

<b>25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta, heildargjöld .....</b>	<b>1.035,0</b>
<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>1.035,0</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>

## 26 Lyf og lækningavörur

### 26.10 Lyf

#### 08 Heilbrigðisráðuneyti

Rekstrarframlög .....	306,0
Rekstrartilfærslur .....	2.909,3
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>3.215,3</b>
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	2.605,3
Viðskiptahreyfingar .....	610,0

### 26.30 Hjálpartæki

#### 08 Heilbrigðisráðuneyti

Rekstrartilfærslur .....	929,0
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	929,0

<b>26 Lyf og lækningavörur, heildargjöld .....</b>	<b>4.144,3</b>
<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>3.534,3</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>610,0</b>

## 27 Öroroka og málefni fatlaðs fólks

### 27.20 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, örorka

#### 07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

Rekstrartilfærslur ..... 405,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 405,0

### 27.40 Aðrar örorkugreiðslur (Önnur velferðarmál, lífeyristrygg.)

#### 07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

Rekstrartilfærslur ..... 650,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 650,0

**27 Öroroka og málefni fatlaðs fólks, heildargjöld ..... 1.055,0**

**Rekstrartekjur ..... 0,0**

**Framlag úr ríkissjóði ..... 1.055,0**

**Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**



## 29 Fjölskyldumál

### 29.10 Barnabætur

#### 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Rekstrartilfærslur .....	1.100,0
--------------------------	---------

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	1.100,0
-----------------------------	---------

### 29.20 Fæðingarorlof

#### 07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

Rekstrartilfærslur .....	1.200,0
--------------------------	---------

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	1.200,0
-----------------------------	---------

### 29.30 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, fjölskyldur

#### 07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

Rekstrartilfærslur .....	-300,0
--------------------------	--------

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	-300,0
-----------------------------	--------

### 29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn

#### 02 Mennta- og barnamálaráðuneyti

Rekstrarframlög .....	130,0
-----------------------	-------

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	130,0
-----------------------------	-------

	m.kr.
<i>07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti</i>	
Rekstrarframlög .....	243,5
Rekstrartilfærslur .....	300,0
<b>Heildarfjárheimild</b> .....	<b>543,5</b>
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	543,5
<b>29.70 Málefni innflytjenda og flóttamanna</b>	
<i>07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti</i>	
Rekstrarframlög .....	295,3
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	295,3
<b>29 Fjölskyldumál, heildargjöld</b> .....	<b>2.968,8</b>
<b>Rekstrartekjur</b> .....	<b>0,0</b>
<b>Framlag úr ríkissjóði</b> .....	<b>2.968,8</b>
<b>Viðskiptahreyfingar</b> .....	<b>0,0</b>

### 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi

#### 30.10 Vinnumál og atvinnuleysi

##### 07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

Rekstrarframlög .....	-117,8
Fjárfestingarframlög .....	211,0
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>93,2</b>
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	93,2

#### 30.20 Vinnumarkaður

##### 07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

Rekstrarframlög .....	-98,2
Fjárfestingarframlög .....	5,0
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>-93,2</b>
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	-93,2

<b>30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi, heildargjöld .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>0,0</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>

## 31 Húsnæðis-og skipulagsmál

### 31.10 Húsnæðismál

#### 10 Innviðaráðuneyti

Rekstrarframlög .....	379,9
Fjárfestingarframlög .....	2,7
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>382,6</b>
Fjármögnun:	
Rekstrartekjur .....	-257,6
Framlag úr ríkissjóði .....	125,0

<b>31 Húsnæðis-og skipulagsmál, heildargjöld .....</b>	<b>382,6</b>
<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>-257,6</b>
<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>125,0</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>

## 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála

### 32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit

#### 08 Heilbrigðisráðuneyti

Rekstrarframlög ..... 118,7

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 118,7

### 32.30 Stjórnsýsla heilbrigðismála

#### 08 Heilbrigðisráðuneyti

Rekstrarframlög ..... 31,8

Fjárfestingarframlög ..... 19,0

**Heildarfjárheimild ..... 50,8**

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 50,8

### 32.40 Stjórnsýsla félagsmála

#### 07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

Rekstrarframlög ..... 51,2

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 51,2

**32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála, heildargjöld ..... 220,7**

**Rekstrartekjur ..... 0,0**

**Framlag úr ríkissjóði ..... 220,7**

**Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

### 33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lifeyrisskuldbindi

#### 33.10 Fjármagnskostnaður

##### 19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Rekstrarframlög . . . . .	37.000,0
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði . . . . .	1.925,0
Viðskiptahreyfingar . . . . .	35.075,0

#### 33.20 Ríkisábyrgðir

##### 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Rekstrarframlög . . . . .	48,0
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði . . . . .	48,0

<b>33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lifeyrisskuldbindi, heildargjöld . . . .</b>	<b>37.048,0</b>
<b>Rekstrartekjur . . . . .</b>	<b>0,0</b>
<b>Framlag úr ríkissjóði . . . . .</b>	<b>1.973,0</b>
<b>Viðskiptahreyfingar . . . . .</b>	<b>35.075,0</b>

### 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir

#### 34.20 Sértækar fjárráðstafanir

##### 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Fjárfestingarframlög ..... 5.981,0

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 5.981,0

#### 34.30 Afskriftir skattkrafna

##### 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Rekstrarframlög ..... 17.873,9

Rekstrartilfærslur ..... -17.873,9

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði ..... 0,0

**34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir, heildargjöld ..... 5.981,0**

**Rekstrartekjur ..... 0,0**

**Framlag úr ríkissjóði ..... 5.981,0**

**Viðskiptahreyfingar ..... 0,0**

## 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna

### 35.10 Þróunarsamvinna

#### 03 Utanríkisráðuneyti

Rekstrarframlög .....	400,0
-----------------------	-------

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	400,0
-----------------------------	-------

<b>35 Alþjóðleg þróunarsamvinna, heildargjöld .....</b>	<b>400,0</b>
---	--------------

<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>0,0</b>
-----------------------------	------------

<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>400,0</b>
------------------------------------	--------------

<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>
----------------------------------	------------



Greinargerð.

## Inngangur

**Hlutverk fjárukalaga.** Fjárukalögum er markað skýrt hlutverk og efni í lögum um opinber fjármál. Í því felst að allar fyrirsjáanlegar fjárráðstafanir skuli koma fram í fjárlögum. Í fjárukalögum verði hins vegar einungis leitað heimilda til að bregðast við útgjaldateifnum sem voru ófyrirséð við afgreiðslu fjárlaga en sýnt þyki að útgjöldin falli til á árinu og að ríkissjóður komist ekki hjá að greiða þau. Fjárukalögum er þannig einungis ætlað að taka til óhjákvæmilegra útgjalda af fyrrgreindum toga, þar á meðal vegna áhrifa nýrrar löggjafar á árinu, sem ekki er unnt að bregðast við með öðrum hætti samkvæmt lögum um opinber fjármál, svo sem með millifærslu fjárveitinga milli aðila og verkefna innan sama málaflokks á fjárhagsárinu eða nýtingu varasjóðs viðkomandi málaflokks eða almenns varasjóðs til að mæta auknum útgjöldum. Fjárukalögum er því ekki ætlað að mæta útgjöldum til nýrra verkefna, aukins umfangs starfsemi eða rekstrarhalla einstakra málefna sviða og málaflokka umfram setta útgjalda-ramma, enda ber samkvæmt lögnum að vísa slíkum tillögum um breytingar á fjárheimildum til umfjöllunar um fjárlög fyrir næsta fjárhagsár. Markmiðið með þessu verklagi er að festa í sessi fjárstjórnarvald Alþingis og auka ábyrgð ráðuneyta á áætlanagerð, stefnumótun og fjármálastjórn innan málefna sviða og málaflokka og draga úr þörf og umfangi fjárukalaga.

**Fyrri fjárukalög ársins 2022.** Alla jafna samþykkir Alþingi ein fjárukalög á ári. Í ljósi umtalsverðra breytinga sem gerðar voru á skipan Stjórnarráðsins í tengslum við myndun nýrrar ríkisstjórnar í nóvember á síðasta ári var í mars sl. lagt fram frumvarp til fjárukalaga sem einungis var ætlað að endurspeglar á tæknilegan hátt þær breytingar sem voru gerðar á Stjórnarráðinu, þ.e. að aðlagð framsetningu fjárheimilda að breyttri skipan ráðuneyta. Frumvarpið varð að lögum í júní sl. en með því var verið að tryggja að fjárheimildir málefna sviða, málaflokka og ráðuneyta fyrir árið 2022 yrðu í fullu samræmi við breytta skipan Stjórnarráðsins sem tók gildi 1. febrúar sl. Að öðru leyti voru engar efnislegar breytingar gerðar á fjárheimildum málefna sviða og málaflokka ráðuneyta.

**Efni frumvarpsins.** Við undirbúning þessa frumvarps er lögð áhersla á að standa að málum í samræmi við hlutverk fjárukalaga þannig að í því felist fyrst og fremst tillögur sem ætlað er að bregðast við tímabundnum, ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjaldamálum.

Meginútgjaldateifni frumvarpsins leiðir af áhrifum kórónuveirufaraldursins, einkum á fyrri hluta þessa árs, breyttum efnahagshorfum og þá sér í lagi áhrifum aukinnar verðbólgu á vaxtagjöld ríkissjóðs og loks ýmsum útgjaldamálum vegna stríðsátaka í Úkraínu og mikillar fjölgunar flóttafólks og umsókna um alþjóðlega vernd. Rétt er að vekja athygli á því að við vinnslu frumvarpsins hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið haft stöðu lífeyrisaukasjóðs Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) til skoðunar. Lífeyrisaukasjóður kom til við breytingar á LSR í framhaldi af samkomulagi við heildarsamtök opinberra starfsmanna árið 2016 um breytt fyrirkomulag lífeyrismála. Eitt sem leiddi af því var að skipt var úr jafnri réttindaávinnslu yfir í aldurstengda réttindaávinnslu. Til að þau sem voru þá í starfi yrðu ekki fyrir verulegri réttindaskerðingu greiddi ríkissjóður 106,8 ma.kr., sem var metinn munur á jafnri og aldurstengdri ávinnslu þessa tiltekna hóps, í sérstakan lífeyrisaukasjóð. Með því fjárframlagi var talið að LSR gæti tryggt að réttindi þessa hóps yrðu því sem næst óbreytt, miðað við þær tryggingafræðilegu forsendur sem þar var miðað við. Tilefni skoðunar á stöðu sjóðsins nú er að staða hans hefur nú verið neikvæð umfram tilskilin mörk í 5 ár og því ber að taka upp viðræður við heildarsamtök starfsmanna ríkisins um orsakir þess og hvernig bregðast þurfi við því. Matsnefnd samkvæmt 2. mgr. ákvæðis X til bráðabirgða við lög nr. 1/1997 hefur ekki enn verið kölluð saman. Þegar fyrir liggur greining á eðli og ástæðum neikvæðrar

tryggingafræðilegrar stöðu lífeyrisaukasjóðs, með tilliti til ákvæða þess samkomulags sem gert var þegar hann var settur á stofn og bakábyrgð opinberra launagreiðenda á lífeyrisréttindum afnumin, er fyrst hægt að meta hugsanlegt umfang áhrifa þess á ríkissjóð eða hið opinbera. Leiði sú skoðun í ljós að veita þurfi auknu framlagi í lífeyrisaukasjóð LSR til að bæta stöðu hans þá verður lagt til að afla þeirra heimilda með breytingum á frumvarpinu í meðförum þingsins.

Til viðbótar eru í frumvarpinu einnig lagðar til þrjár breytingar á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2022 en nánar er fjallað um þær breytingar í greinargerð frumvarpsins.

Loks er í greinargerð frumvarpsins fjallað um endurmetnar afkomuhorfur fyrir yfirstandandi fjárlagaár. Í ljósi þess að frumvarpið fjallar fyrst og fremst um tillögur um auknar fjárheimildir málefna sviða og málaflokka er mikilvægt að setja þær tillögur í stærra samhengi um heildarendurskoðun tekju- og útgjaldahliðar ríkissjóðs innan ársins. Um er að ræða uppfærslu á þeim afkomuhorfum sem birtar voru með fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 2023 sem lagt var fram á Alþingi í september sl.

## 1 Gjöld ríkissjóðs (A1-hluta)

Á gjaldahlið frumvarpsins eru gerðar tillögur um breytingar á fjárheimildum til að mæta útgjöldum ríkissjóðs sem voru ófyrirséð við afgreiðslu fjárlaga eða teljast nú orðin brýn eða óhjákvæmileg. Þá eru í frumvarpinu lagðar til breytingar á fjárheimildum á grundvelli endurmats á forsendum ýmissa áætlana ásamt hagrænum og kerfisbundnum útgjöldum. Í frumvarpinu er því almennt ekki um að ræða tillögur um ný verkefni, aukið umfang, rekstrarhalla einstakra ríkisstofnana eða minni háttar útgjaldamál, enda eiga ráðuneyti að finna slíkum málum stað innan útgjaldaramma sinna málefnasviða og málaflokka innan fjárlagaársins, svo sem með millifærslu fjárheimilda eða nýtingu varasjóða. Í megindráttum tekur frumvarpið einungis til tillagna um auknar fjárheimildir málefnasviða og málaflokka. Þó eru í frumvarpinu lagðar til millifærslur milli málefnasviða og málaflokka sem fela í sér hækkun fjárheimildar á einstökum málefnasviðum og málaflokkum en leiða jafnframt af sér samsvarandi lækkun fjárheimilda annars staðar. Með þessu hefur verið leitast við að fylgja eftir takmörkun á hlutverki og efni fjárukalaga við stjórn ríkisfjármála samkvæmt ákvæðum laga um opinber fjármál.

Loks er vakin athygli á því að frumvarpið felur ekki í sér heildarendurmat á áætluðum útgjöldum ársins, svo sem þegar útlit er fyrir að útgjöld ársins verði lægri en fjárheimildir ársins eða uppsafnaðar fjárheimildir fyrri ára eru nýttar. Felur það í sér að misræmi getur verið í samanburði á tillögum að breyttum fjárheimildum í frumvarpinu annars vegar og í heildarendurmati á áætluðum útgjöldum yfirstandandi árs hins vegar.

Umfjöllun um heildarendurmat útgjalda á yfirstandandi ári á þjóðhagsgrunni er að finna í umfjöllun um heildarafkomu ársins 2022 síðar í greinargerð frumvarpsins.

### 1.1 Helstu breytingar fjárheimilda í frumvarpinu

Ýmsir samverkandi þættir gera það að verkum að tillögur í frumvarpinu eru óvenju umfangsmiklar. Útgjaldatílefnin tengjast fyrst og fremst afleiðingum heimsfaraldurs kórónuveiru, breyttum efnahagshorfum og þá einkum aukinni verðbólgu og stríðinu í Úkraínu. Þannig glímur heilbrigðiskerfið ennþá við áhrif af faraldrinum með tilheyrandi viðbótarútgjöldum, sér í lagi á fyrri hluta ársins. Þá hefur heimsfaraldurinn og stríðið í Úkraínu haft margvísleg efnahags- og samfélagsleg áhrif, svo sem vaxandi verðbólgu og aukinn fjölda flóttafólks. Tillögur í frumvarpinu endurspeglar þessa stöðu en í einhverjum tilvikum er hægt að mæta auknum útgjöldum innan fjárheimilda og almennur varasjóður er einnig nýttur til að mæta útgjöldum. Þannig er t.a.m. auknum útgjöldum vegna fjölgunar umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks að mestu leyti mætt með millifærslum úr almennum varasjóði og hluta aukins kostnaðar vegna kórónuveirufaraldursins.

Í frumvarpinu er samtals lagt til að fjárheimildir málefnasviða og málaflokka verði auknar um 74,7 ma.kr. Það svarar til 6,1% aukningar frá áður samþykktum fjárheimildum í fjárlögum ársins 2022. Ef einungis er horft til rammasettra útgjalda í þessu frumvarpi nema tillögur um auknar fjárheimildir 35,9 ma.kr., eða sem nemur 3,5%. Undanskildir<sup>1</sup> liðir hækka annars vegar um 1,8 ma.kr. og er það fyrst og fremst vegna uppfærðrar áætlunar á lögbundnum framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og hins vegar um 37 ma.kr. vegna vaxtagjalda. Í eftirfarandi töflu sjást heildarbreytingar fjárheimilda í frumvarpinu.

<sup>1</sup> Undanskildir liðir eru: vaxtagjöld ríkissjóðs, ríkisábyrgðir, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysistryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2022	Heimildir <sup>1</sup> 2022	Breyting m.kr.	Breyting %
Rekstrarframlög .....	521.466	536.953	15.487	3,0%
Rekstrartilfærslur .....	385.374	399.449	14.075	3,7%
Fjármagnstilfærslur .....	38.499	38.499	0	0,0%
Fjárfestingarframlag <sup>2</sup> .....	71.362	77.653	6.290	8,8%
<b>Rammasett útgjöld .....</b>	<b>1.016.701</b>	<b>1.052.553</b>	<b>35.852</b>	<b>3,5%</b>
Vaxtagjöld .....	51.700	88.700	37.000	71,6%
Aðrir liðir utan ramma .....	149.517	151.395	1.878	1,3%
<b>Heildargjöld .....</b>	<b>1.217.919</b>	<b>1.292.649</b>	<b>74.730</b>	<b>6,1%</b>
Rekstrartekjur .....	65.879	65.879	0	0,0%
Framlag úr ríkissjóði .....	1.088.864	1.127.909	39.045	3,6%
Viðskiptahreyfingar .....	63.176	98.861	35.685	56,5%
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>1.217.919</b>	<b>1.292.649</b>	<b>74.730</b>	<b>6,1%</b>

<sup>1</sup> Fjárlög 2022 að viðbættum áður samþykktum fjárákualögum fyrir árið 2022 um breytta skipan Stjórnarráðsins

<sup>2</sup> Fjárfestingarframlög færast ekki til gjalda í ríkisreikningi heldur eru þau eignfærð og afskrifuð yfir líftíma eignarinnar

Af rammasettum útgjöldum má helst nefna að breytingar sem rekja má til heimsfaraldursins nema um 16,6 ma.kr. Þar vegur þyngst ríflega 15 ma.kr. aukinn rekstrarkostnaður heilbrigðis- og löggæslustofnana. Auk þessa var samþykkt að fara í ýmsar aðgerðir vegna afleiðinga faraldursins, þ.m.t. 750 m.kr. í félagslegar aðgerðir til að vinna gegn langtímaafleiðingum af kórónuveirufaraldrinum, 450 m.kr. í veitingu menningarstyrkja og 350 m.kr. í stuðningsaðgerðir við íþróttahreyfinguna. Þessu til viðbótar eru rúmlega 3 ma.kr. greiddir af almenna varasjóðnum og því nema ófyrirséð útgjöld ríkissjóðs sem tengjast heimsfaraldrinum tæpum 20 ma.kr. á yfirstandandi ári.

Þá er lagt til að hækka fjárheimildir um 4,9 ma.kr. vegna efnahagslegra stuðningsaðgerða sem ríkisstjórnin ákvað að ráðast í fyrr á þessu ári í ljósi aukinnar verðbólgu. Aðgerðirnar eru af tvennum toga. Annars vegar er lagt til að veita 2,2 ma.kr. í aukinn stuðning við landbúnað í samræmi við tillögur starfshóps sem skipaður var vegna alvarlegrar stöðu í matvælaframleiðslu á Íslandi. Þess má jafnframt geta að gert er ráð fyrir 272 m.kr. í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2023 og nemur stuðningurinn því samtals 2,5 ma.kr. Hins vegar er um að ræða þrjúþættar mótvægisáðgerðir til að draga úr áhrifum verðbólgu á lífskjör viðkvæmustu hópa samfélagsins. Þannig voru bætur almannatrygginga hækkaðar um 3% á miðju ári en áætluð útgjöld vegna þessa nema um 3,5 ma.kr. Við vinnslu frumvarpsins kom á hinn bóginn í ljós að nýgengi örorku- og ellilífeyrisþega er lægra en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga og vegur það því til lækkunar á móti auknum útgjöldum vegna bótahækkanna. Því er einungis lögð til 1,6 ma.kr. hækkun fjárheimilda vegna þessara bótahækkana. Þá er í frumvarpinu lögð til 1,1 ma.kr. aukning fjárheimilda vegna sérstaks barnabótaauka sem greiddur var út í júlí sl. til þeirra sem fengu ákvarðaðar barnabætur við álagningu einstaklinga 2022. Loks voru grunnfjárhæðir húsnæðisbóta hækkaðar um 10% frá 1. júní sl. og frítekjumörk húsnæðisbóta um 3% til samræmis við hækkun bóta almannatrygginga. Kostnaður vegna þessa var áætlaður 600 m.kr. en gert er ráð fyrir að hann rúmist innan fjárheimilda samkvæmt endurmetnum horfum um útgjöld til húsnæðisbóta og því er ekki lögð til hækkun heimilda í þessu frumvarpi.

Samtals er áætlað að aukin útgjöld vegna framangreindra efnahagsáðgerða nemi um 7,7

ma.kr. Eins og greint er frá hér að framan er talið að hluti þess kostnaðar rúmist innan fjárheimilda ársins ásamt því að hluti kostnaðar vegna stuðnings við landbúnað fellur til á árinu 2023. Því nema tillögur í þessu frumvarpi vegna aðgerðanna 4,9 ma.kr.

Þá er jafnframt gert ráð fyrir 1,4 ma.kr. til ýmissa útgjaldamála sem tengjast fjölgun umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks og málefnum Úkraínu í frumvarpinu. Bent er á að einnig er gert ráð fyrir að um 3,2 ma.kr. útgjöld sem leiða beint af fjölgun flóttafólks og umsókna um alþjóðlega vernd falli til á almennum varasjóði eins og nánar er fjallað um í kafla *1.4 Nýting á almennum varasjóði á árinu 2022*. Heildaraukning það sem af er ársins nemur því um 4,6 ma.kr.

Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að auka fjárheimildir um 6 ma.kr. vegna kaupa á hluta af Landsbankahúsinu við Austurbakka og 2,9 ma.kr. vegna dóms Hæstaréttar um að óheimilt sé að skerða framfærsluuppbot á þeim forsendum að einstaklingur hafi búið hluta starfsævi sinnar erlendis. Þá hafa skuldbindingar vegna endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar reynst hærri en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir og því er lögð til 1,8 ma.kr. hækkun vegna þessa sem og 650 m.kr. hækkun heimilda vegna eingreiðslu til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega í desember.

Að lokum er vert er að geta þess að í frumvarpinu er framsetningu vegna afskrifta skattkrafna breytt til samræmis við ríkisreikning og þær flokkaðar sem rekstrarframlög í stað rekstrartilfærslna. Þar sem afskriftirnar falla utan rammasettra útgjalda hefur breytingin ekki áhrif á hagræna skiptingu rammasettra útgjalda en hefur áhrif á samsetningu heildarútgjalda. Samsvarandi breyting er lögð til í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2023.

Í næsta hluta er fjallað um helstu útgjaldatalefnu eftir málefnasviðum og í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir tillögur eftir helstu útgjaldatalefnu ásamt millifærslum úr almennum varasjóði.

## Útgjaldatilefni

## Frumvarp til fjáralagala og millifærslur úr almennum varasjóði

m.kr.

Tillögur um viðbótarheimildir .....	74.730
<b>Viðbótarfjárheimildir v. kórónuveirufaraldursins .....</b>	<b>16.584</b>
Aukinn rekstrarkostnaður heilbrigðisstofnana o.fl. ....	15.034
Félagslegar aðgerðir til að vinna gegn langtímaárhifum faraldursins .....	750
Menningarstyrkir - viðspyrnuaðgerðir .....	450
Stuðningur við íþróttahreyfinguna .....	350
<b>Efnahagslegar aðgerðir .....</b>	<b>4.869</b>
Landbúnaðarstyrkir skv. tillögum starfshöps .....	2.189
3% hækkun bóta almannatrygginga .....	1.580
Barnabótaauki .....	1.100
<b>Aukinn fjöldi flóttafólks og stuðningur við Úkraínu .....</b>	<b>1.420</b>
<b>Önnur útgjaldatilefni .....</b>	<b>14.857</b>
Kaup á hluta Landsbankahúss við Austurbakka .....	5.981
Almannatryggingar: Útgjöld vegna Hæstaréttardóms um framfærsluuppbot .....	2.875
Umframútgjöld vegna endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar .....	1.750
Eingreiðsla til örorku- og endurhæfingalífeyrisþega .....	650
Annað .....	3.601
<b>Endurmetin áætlun um vaxtagjöld ársins .....</b>	<b>37.000</b>
<b>Ráðstöfun af almennum varasjóði (millifærslur) .....</b>	<b>-</b>
Endurmat á launaforsendum fjárlaga m.a. vegna hagvaxtarauka .....	3.635
Aukinn fjöldi umsækjenda um alþjóðlega vernd .....	3.193
Kórónuveirufaraldurinn: Farsóttarhús og kaup á bólu efni .....	3.021
Betri vinnutími: Aukin framlög vegna br. á vinnutíma vaktavinnufólks .....	1.400
Dómkröfur: Endurmat á áætluðum útgjöldum ársins .....	1.200
Annað .....	1.414
Millifært af málefna sviði 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir .....	-13.863

## 1.2 Útgjöld eftir málefna sviðum

Að frátöldum vaxtagjöldum snýr langstærsti hluti tillagna frumvarpsins að verkefnum sem tengjast heilbrigðismálum, eða 18,4 ma.kr. Hækkunin skýrist að langmestu leyti af auknum kostnaði vegna kórónuveirufaraldursins, en samtals nema þau útgjöld 14,8 ma.kr. Kostnaðurinn er að stærstum hluta launakostnaður vegna aukinnar mönnunar, svo sem vegna sérstakra álagsgreiðslna og breytilegrar yfirvinnu. Jafnframt hefur fallið til ýmis annar kostnaður og má þar nefna prófefni/hvarfefni vegna veiruskimunar, aukið umfang leyfisskyldra lyfja auk 180 m.kr. hækkunar vegna aðgerða til að sporna gegn langtímaárhifum kórónuveirufaraldursins. Um 60% útgjaldanna falla til á Landspítala. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir 3,6 ma.kr. hækkun fjárheimilda vegna umframútgjalda á nokkrum liðum sjúkratrygginga innan ársins, einkum lyfjakostnaðar.

Útgjöld til félags-, húsnæðis- og tryggingamála aukast um 4,5 ma.kr. samkvæmt frumvarpinu. Þar vega þyngst annars vegar 2,9 ma.kr. hækkun á málefna sviði 27 Örorka og málefni fatlaðs fólks vegna hæstaréttardóms um að óheimilt sé að skerða framfærsluuppbot örorku- og ellilífeyrisþega á þeim forsendum að einstaklingur hafi búið hluta starfsævi sinnar erlendis og hins vegar 3% hækkun bóta almannatrygginga og hækkun barnabóta sem liður í

efnahagsaðgerðum ríkisstjórnar á árinu til að draga úr áhrifum verðbólgu á lífskjör viðkvæmstu hópa samfélagsins, eða um 1,6 ma.kr. Á móti þessum auknu útgjöldum vegur lækkun vegna endurmats á nýliðun örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega, en gert er ráð fyrir að sú hækkun verði minni en áður hafði verið gert ráð fyrir í fjárlögum. Samtals er talið að um 4,1 ma.kr. kostnaðarauka rúmist innan þeirrar lækkunar og eru tillögur um viðbótarfjárheimildir því lægri sem því nemur. Á málefnasviði 28 *Málefni aldraðra* vegast einnig á tilefni til hækkunar og lækkunar af sömu útgjaldatílefnum, þ.e. 3% hækkun bóta almannatrygginga frá 1. júní og dómi Hæstaréttar um að óheimilt sé að skerða framfærsluþætt á þeim forsendum að einstaklingur hafi búið hluta starfsævi sinnar erlendis. Dómurinn hefur áhrif á mun færri ellilífeyrisþega en örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega, sem skýrist aðallega af því að árið 2017 tók gildi kerfisbreyting sem afnam framfærsluþætt hjá ellilífeyrisþegum. Á móti vegur lækkun vegna hærri tekna ellilífeyrisþega en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir, en lífeyrissjóðstekjur jukust að meðaltali um 6,3% milli september 2021 og 2022. Vegna þessa er talið að útgjaldatílefni sem hefðu ella leitt til aukinna útgjalda innan fjárlagaársins muni rúmast innan fjárheimilda og því eru ekki lagðar til breytingar á málefnasviði 28 *Málefni aldraðra* í frumvarpinu.

Af öðrum útgjaldatílefnum á málefnasviðum félags-, húsnæðis- og tryggingamála má nefna að gert er ráð fyrir 1,2 ma.kr. auknu framlagi til Fæðingarorlofsjóðs sem rekja má til lengingar fæðingarorlofsréttar, auk þess sem nýting réttarins dreifist yfir lengra tímabil. Þá er gert ráð fyrir 650 m.kr. auknu framlagi vegna eingreiðslu til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega en ráðgert er að greiða 27.772 kr. eingreiðslu til einstaklinga sem verið hafa með réttindi allt árið. Að auki er lögð til 380 m.kr. hækkun fjárheimilda vegna félagslegra aðgerða til að sporna gegn langtímaáhrifum af kórónuveirufaraldrinum og 340 m.kr. hækkun vegna samninga við sveitarfélögin um samræmda móttöku flóttafólks, en um er að ræða framhald tilraunaverkefnis um samræmda móttöku. Vakin er athygli á því að þessu til viðbótar er gert ráð fyrir millifærslum af almennum varasjóði vegna aukins fjölda umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks eins og sjá má í töflu um útgjaldatílefni í kafla 1.1 um *helstu breytingar fjárheimilda í frumvarpinu* og kafla 1.4 um *nýtingu á almennum varasjóði*.

Gert er ráð fyrir að útgjöld vegna heimildarákvæða á málefnasviði 34 *Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir* aukist um 6 ma.kr. vegna kaupa á hluta Landsbankahússins við Austurbakka. Fyrirhugað er að starfsemi utanríkisráðuneytisins verði komið fyrir í byggingunni, ásamt því að nýta hluta hennar undir sýningar- og menningartengda starfsemi á vegum Listasafns Íslands og er þá einkanlega horft til samtímalistar.

Lagt er til að útgjöld til málefnasviðs 07 *Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar* aukist um 1,8 ma.kr. Þar vega þyngst 1.750 m.kr. vegna skuldbindinga umfram heimildir í fjárlögum vegna endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar. Auk þess er gert ráð fyrir 60 m.kr. vegna styrkingar á innleiðingu nýsköpunar og nýrra lausna í heilbrigðistækni en um er að ræða hluta af félags- og heilsufarslegum aðgerðum til að sporna gegn langtímaáhrifum af kórónuveirufaraldrinum.

Á málefnasviðum mennta- og menningarmála er lögð til 1,2 ma.kr. hækkun. Þar er um að ræða ýmsar aðgerðir til að bregðast við áhrifum kórónuveirufaraldursins. Þannig er lögð til 450 m.kr. aukning til menningarstyrkja, 350 m.kr. stuðningur við íþróttahreyfinguna og 130 m.kr. vegna ýmissa félagslegra aðgerða til að sporna gegn langtímaáhrifum faraldursins. Þá er jafnframt gert ráð fyrir 146 m.kr. til að styrkja rekstur Þjóðleikhússins.

Af öðrum málefnasviðum má helst nefna 2,2 ma.kr. í aukinn stuðning við landbúnað í samræmi við tillögur starfshóps sem skipaður var vegna alvarlegrar stöðu í matvælaframleiðslu á Íslandi og 1,1 ma.kr. aukningu vegna utanríkismála og alþjóðlegrar þróunarsamvinnu en þar er annars vegar um að ræða 650 m.kr. í varnarmál vegna stríðsátaka í Úkraínu og hins vegar 400 m.kr. til mannúðar- og efnahagsaðstoðar til Úkraínu. Þá er gert ráð fyrir 400 m.kr. á

málefнасviði 09 *Almanna- og réttaröryggi* vegna aukins kostnaðar vegna kórónuveirufaraldursins. Þar er einkum um að ræða launakostnað, svo sem vegna smitakningar og samgöngutakmarkana.

Að lokum er gert ráð fyrir um 37 ma.kr. hækkun á málefнасviði 33 *Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar* vegna endurmats á vaxtagjöldum. Breytingin skýrist nær alfarið af hærri verðbótum sem gjaldfærðar verða á rekstrargrunni á yfirstandandi ári en hækkun þeirra nemur tæplega 36 ma.kr. Ítarlegar er fjallað um breytingar á vaxtagjöldum í kafla 3.3 *Gjöld*.

Í frumvarpinu eru enn fremur lagðar til millifærslur milli málefnasviða og málaflokka og breytingar á hagrænni skiptingu fjárheimilda. Um er að ræða breytingar sem hafa ekki áhrif á heildarútgjöld og þar með afkomu ríkissjóðs en geta haft áhrif til bæði hækkunar og lækkunar á fjárheimildir einstakra málefnasviða og málaflokka. Að öðru leyti er vísað í nánari umfjöllun um útgjaldabreytingar málefnasviða og málaflokka í greinargerð viðkomandi málefnasviða.



Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2022 <sup>1</sup>	Heimildir 2022 <sup>2</sup>	br. m.kr.	br. %
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....	7.317,6	7.317,6		
02 Dómstólar .....	3.685,2	3.685,2		
03 Æðsta stjórnýsla .....	3.547,3	3.547,3		
04 Utanríkismál .....	13.961,9	14.611,9	650,0	4,7%
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	39.412,0	39.412,0		
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár .....	4.182,9	3.795,8	-387,1	-9,3%
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar .....	29.098,0	30.884,6	1.786,6	6,1%
08 Sveitarfélög og byggðamál .....	26.630,2	28.860,2	2.230,0	8,4%
09 Almanna- og réttaröryggi .....	34.939,1	35.349,1	410,0	1,2%
10 Rétt. einstakl, trúmál og stjórnýsla dómsmála .....	17.901,0	17.891,0	-10,0	-0,1%
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....	51.434,1	51.786,3	352,2	0,7%
12 Landbúnaður .....	20.008,7	22.327,7	2.319,0	11,6%
13 Sjávarútvegur og fiskeldi .....	8.846,5	8.746,5	-100,0	-1,1%
14 Ferðaþjónusta .....	2.279,2	2.279,2		
15 Orkumál .....	6.195,0	6.195,0		
16 Markaðseftirlit og neytendamál .....	3.171,9	3.171,9		
17 Umhverfismál .....	24.970,6	24.970,6		
18 Menning, listir, íþrótt- og æskulýðsmál .....	19.492,0	20.596,0	1.104,0	5,7%
19 Fjölmíðlun .....	5.563,1	5.563,1		
20 Framhaldsskólastig .....	40.583,5	40.609,0	25,5	0,1%
21 Háskólastig .....	57.662,3	57.596,8	-65,5	-0,1%
22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og barnamála ...	4.778,2	4.878,2	100,0	2,1%
23 Sjúkrahúspjónusta .....	137.688,2	147.408,5	9.720,3	7,1%
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	66.896,5	70.256,1	3.359,6	5,0%
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta .....	71.358,5	72.393,5	1.035,0	1,5%
26 Lyf og lækningavörur .....	31.279,6	35.423,9	4.144,3	13,2%
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks .....	88.935,0	89.990,0	1.055,0	1,2%
28 Málefni aldraðra .....	100.985,3	100.985,3		
29 Fjölskyldumál .....	51.778,0	54.746,8	2.968,8	5,7%
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....	55.101,1	55.101,1		
31 Húsnæðis- og skipulagsmál .....	16.587,4	16.970,0	382,6	2,3%
32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála .....	11.863,2	12.083,9	220,7	1,9%
33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi .....	114.191,2	151.239,2	37.048,0	32,4%
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir .....	35.346,9	41.327,9	5.981,0	16,9%
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna .....	10.247,3	10.647,3	400,0	3,9%
<b>Samtals .....</b>	<b>1.217.918,5</b>	<b>1.292.648,5</b>	<b>74.730,0</b>	<b>6,1%</b>

<sup>1</sup> Fjárlög 2022 að viðbættum áður samþykktum fjárukaulögum fyrir árið 2022 um breytta skipan Stjórnarráðsins

<sup>2</sup> Fjárlög 2022 að viðbættum áður samþykktum fjárukaulögum fyrir árið 2022 og frumvarp þetta

### 1.3 Áhrif á jafnrétti kynjanna

Í samræmi við 18. gr. laga um opinber fjármál var lagt mat á áhrif tillagna á markmið um jafna stöðu kynjanna. Að frátöldum vaxtagjöldum liggur fyrir mat á jafnréttisáhrifum um 80% tillagna sé tekið mið af umfangi. Flestar þær tillögur sem ekki hafa verið jafnréttismetnar eru tæknilegs eðlis eða vegna aukins rekstrarkostnaðar stofnana annarra en heilbrigðisstofnana.

Ríflega helmingur tillagna er talinn **stuðla að jafnrétti** og vega þar þungt háar fjárhæðir á sviði heilbrigðis- og félagsmála sem flestar tengjast auknum útgjöldum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru eða aðgerðum til að sporna við áhrifum faraldursins eða verðbólgu. Mikið álag hefur verið á heilbrigðisstofnunum vegna kórónuveirufaraldursins en þar eru konur í meiri

hluta starfsfólks. Með aukinni fjárveitingu, t.d. til mönnunar, meðhöndlunar eða kaupa á búnaði vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, er tryggt viðbragð við faraldrinum á sama tíma og viðunandi kjör og aðstæður starfsfólks eru tryggð. Hækkun bóta almannatrygginga er talin stuðla að jafnrétti en konur eru í meiri hluta bótaþega og með hlutfallslega hærri bætur frá almannatryggingum vegna lægri annarra tekna en karlar. Konur voru einnig í meiri hluta þeirra sem fengu greiddan barnabótaauka sem skýrist af mun herra hlutfalli einstæðra kvenna en karla með börn. Þá er meiri hluti aðgerða til að bregðast við félagslegum áhrifum kórónuveirufaraldursins einnig talinn stuðla að jafnrétti. Þá má nefna aukid framlag til Fæðingarorlofssjóðs sem kemur að hluta til vegna lengingar fæðingarorlofs sem ætlað er að stuðla að jafnrétti á vinnumarkaði. Loks er mannúðar- og efnahagsaðstoð til Úkraínu talin stuðla að jafnrétti en verkefni í þróunarsamvinnu eru með jafnrétti sem eitt af þverlægum markmiðum í öllu sínu starfi.

Tæplega fjórðungur tillagna er talinn **viðhalda óbreyttu ástandi** en nokkur munur er á stöðu kynjanna eftir málaflokkunum og í sumum tilfellum er kynjahalla viðhaldið. Sem dæmi má nefna endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar. Almenn hallar á konur í kvikmyndaiðnaði en þær eru um 30% starfandi við kvikmyndagerð, samkvæmt tölum Hagstofu. Þó fór mikill meiri hluti fjármagns úr Kvikmyndasjóði árið 2021 til verkefna þar sem kynjahlutföll eru jöfn, samkvæmt mati styrkhafa. Í öðrum verkefnum voru karlar í nánast öllum tilfellum í meiri hluta starfandi. Sama á við um stuðning við matvælaframleiðslu vegna alvarlegrar stöðu í greininni. Samkvæmt tölum Hagstofu hafa konur undanfarin ár verið að meðaltali 30% þeirra sem starfa í frumframleiðslu landbúnaðar. Þá benda upplýsingar um upphæð stuðningsgreiðslna samkvæmt búvörusamningum sem og upplýsingar um búfjáreigendur og umráðamenn búa eftir kynjum einnig til þess að greinin sé karllæg. Opinber gögn gefa þó ekki endilega rétta mynd af stöðu kynjanna innan atvinnugreinarinnar, m.a. vegna þess að starfsframlag kvenna er í mörgum tilfellum ekki skráð. Viðbótarfjárveiting vegna aukins lyfjakostnaðar er talin viðhalda óbreyttu ástandi en konur fá ávísað og leysa út meira af lyfjum en karlar. Aukid fjármagn til móttöku flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd er einnig talið stuðla að óbreyttu ástandi en kynjahlutfall innan þessara hópa er tiltölulega jafnt en þess má geta að stærstur hluti þessara útgjalda er millifærður í gegnum almennan varasjóð, sbr. umfjöllun í næsta kaflahluta.

#### 1.4 Nýting á almennum varasjóði á árinu 2022

Í tengslum við hlutverk og umfang fjárukalaga er einnig bent á að í 24. gr. laga um opinber fjármál er kveðið á um almennan varasjóð A1-hluta ríkissjóðs. Skilyrði fyrir ráðstöfun úr sjóðnum eru sams konar og þau sem gilda um frumvarp til fjárukalaga, þ.e. að honum er ætlað að bregðast við útgjöldum sem eru tímabundin, ófyrirsjáanleg og óhjákvæmileg. Almennum varasjóði er einkum ætlað að mæta frávikum frá launa-, gengis- og verðlagsforsendum fjárlaga og meiri háttar ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum, svo sem vegna náttúruhamfara, eða útgjöldum sem ókleift er að mæta með öðrum hætti samkvæmt fjárlögum. Almennur varasjóður skal nema a.m.k. 1% af fjárheimildum fjárlaga en fjármála- og efnahagsráðherra fer með almennan varasjóð og tekur ákvörðun um ráðstöfun úr honum.

Í fjárlögum fyrir árið 2022 nemur heildarfjárheimild sjóðsins um 16,5 ma.kr. eða sem svarar til 1,4% af heildarfjárheimild fjárlaga ársins. Þegar hefur verið ráðstafað ríflega 3,9 ma.kr. úr almenna varasjóðnum en þar af eru 3,6 ma.kr. vegna endurmats á launaforsendum fjárlaga einkum vegna hagvaxtarauka. Gert er ráð fyrir að því til viðbótar verði millifærðir úr almennum varasjóði um 1,4 ma.kr. vegna útgjalda við breytingar á vinnutíma vaktavinnufólks, um 3,2 vegna málefna Úkraínu og mikillar fjölgunar flóttafólks og umsókna um alþjóðlega vernd, rúmir 3 ma.kr. vegna kaupa á bóluefnum og kostnaði við sóttvarnarhótel vegna

kórónuveirufaraldursins og 1,2 ma.kr. vegna dómskrafna í málum sem ríkissjóður hefur tapað. Að auki verða millifærðir um 1,4 ma.kr vegna annara tilefna.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um frekari ráðstöfun úr sjóðnum og er því til staðar rúmlega 2,6 ma.kr. svigrúm hjá sjóðnum til að bregðast við óvæntum og óhjákvæmilegum útgjöldum fyrir lok þessa árs ef til þess kæmi.

## 2 Heimildir

Lagt er til að við heimildarákvæði 6. gr. fjárlaga sé gerð ein breyting og að tveir nýir liðir bættist við.

Fyrsta heimildin varðar breytingu á fyrirliggjandi heimild um Kríu sem er sjálfstæður sjóður sem fjárfestir í sérhæfðum sjóðum sem starfa á markaði, sbr. lög nr. 65/2020 um Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóð. Eitt af markmiðunum með stofnun Kríu er að stuðla að tengingum íslenska nýsköpunarumhverfisins við erlent fjármagn. Þeir sjóðir sem Kría fjárfestir í eru sumir hverjir gerðir upp í erlendri mynt en heimildir til fjárfestinga eru hins vegar í íslenskum krónum. Í stað þess að Kría kaupi kostnaðarsamar tryggingar vegna gengisvarna er talið hagkvæmast að ríkissjóður taki á sig gengisáhættu vegna þessara skuldbindinga verði breytingar á gengi evru á innköllunartíma sjóðsins. Breyting á heimildinni tekur til þessarar gengisáhættu ásamt því að verið er að uppfæra fjárhæðina sem þar kemur fram í samræmi við fjárfestingar- og innköllunaráætlun sjóðsins. Breyting á orðalagi heimildarinnar er einnig í samræmi við það sem kemur fram í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2023.

Önnur og þriðja heimildin eru nýjar og varða gjafir til ríkisins. Samkvæmt 47. gr. laga um opinber fjármál er ríkinu óheimilt að þiggja gjöf sem gefin er með kvöðum eða skilyrðum sem hafa eða geta haft í för með sér útgjöld fyrir ríkissjóð án heimildar í fjárlögum. Lagt er til að veittar verði tvær heimildir til að taka við gjöfum. Annars vegar hefur Fisk-Seafood ehf. boðist til að færa Háskólanum á Hólum húsnæði sem hýst hefur bleikjueldisstöðvar félagsins Hólalax í Hjaltadal. Fisk-Seafood ehf. hefur undanfarin ár verið öflugur styrktaraðili Háskólans á Hólum og lagt skólanum til kennslu- og rannsóknaraðstöðu á athafnasvæði félagsins á Eyrinni á Sauðárkróki í tvo áratugi sem háskólinn þarf nú að rýma vegna uppbyggingaráforma félagsins. Til stendur að afhenda háskólanum fiskeldisstöðina á Hólum ásamt þeim búnaði sem þar er. Eignin er veðbandslaus og engar kvaðir eru á framleigu hennar né framtíðarrekstrar- og/eða starfsleyfum eignarinnar. Fisk-Seafood ehf. veitir háskólanum jafnframt 35 m.kr. styrk til að flytja starfsemi skólans frá Sauðárkróki og til að koma henni fyrir í nýju húsnæði. Árlegur kostnaður við rekstur á eigninni er talinn vera í kringum 9,7 m.kr. Miðað er við að háskólinn muni standa undir rekstrarkostnaði gjafaeignarinnar af fjárlagaramma stofnunarinnar ásamt öðrum hugsanlegum kostnaði vegna flutnings á starfseminni. Hins vegar er lagt til að veitt verði heimild til að taka við listaverkagjöf. Miðað er við að verkið verði afhent í tollvörugeymslu erlendis sem verður í kjölfarið flutt til landsins og því fundinn viðeigandi staður í náttúru Íslands sem ekki verði í alfaraleið. Um er að ræða glerverk sem mun veðrast og að lokum hverfa með tíð og tíma. Ekki er gert ráð fyrir að það þurfi eftirlit, viðhald eða sérstaka umsjón með listaverkinu eftir að því hefur verið komið fyrir. Miðað við þær reglur sem gilda um gjafir til opinberra aðila er gert ráð fyrir að innflutningur verksins verði án aðflutningsgjalda. Einhver kostnaður mun hins vegar falla til við flutning verksins til landsins ásamt því að koma því fyrir á viðeigandi stað og miðað er við að ríkið standi undir þeim kostnaði.

## 3 Endurmat á afkomu ársins 2022

### 3.1 Afkoma

Í frumvarpi til fjárukalaga er einungis verið að leita eftir auknum fjárheimildum til málefna sviða og málaflokka. Frumvarpið felur því ekki í sér heildarendurmat á áætluðum útgjöldum ársins, svo sem þegar um er að ræða útgjöld sem gætu orðið lægri en fjárheimildir ársins gerðu ráð fyrir. Það felur í sér að misræmi getur verið í samanburði annars vegar á tillögum að breyttum fjárheimildum í fjárukalagafrumvarpi og hins vegar í endurmati á áætluðum útgjöldum ársins sem fjallað er um í þessum kafla. Í ljósi þessa þykir rétt að setja umfang fjárukalagafrumvarpsins í stærra samhengi við þróun afkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári.

Hraður viðsnúningur er að verða á afkomu ríkissjóðs á þessu ári í kjölfar sögulega mikils afkomuhalla árin 2020 og 2021 sem leiddi af heimsfaraldri kórónuveiru. Áhrifa faraldursins hefur áfram gætt á útgjaldahlíð ríkissjóðs í ár en þó ekki í sama mæli og sl. tvö ár. Þá hefur tekjuhlíð ríkissjóðs tekið hraustlega við sér eftir að hafa dregist mikið saman í faraldrinum.

Þjóðhagsgrunnur	Fjárlög 2022	ma.kr.		Fjárlög 2022	% af VLF	
		Áætlun 2022	br.		Áætlun 2022	br.
Frumtekjur .....	939,5	1.050,7	111,2	26,4	28,4	2,0
Frumgjöld .....	1.071,0	1.088,5	17,5	30,0	29,4	-0,7
<b>Frumjöfnuður .....</b>	<b>-131,5</b>	<b>-37,8</b>	<b>93,7</b>	<b>-3,7</b>	<b>-1,0</b>	<b>2,7</b>
Vaxtatekjur .....	12,4	16,1	3,7	0,3	0,4	0,1
Vaxtagjöld .....	67,3	104,2	36,9	1,9	2,8	0,9
<b>Vaxtajöfnuður .....</b>	<b>-54,9</b>	<b>-88,1</b>	<b>-33,2</b>	<b>-1,5</b>	<b>-2,4</b>	<b>-0,8</b>
Heildartekjur .....	952,0	1.066,9	114,9	26,7	28,8	2,1
Heildargjöld .....	1.138,3	1.192,8	54,5	31,9	32,2	0,3
<b>Heildarjöfnuður .....</b>	<b>-186,4</b>	<b>-125,9</b>	<b>60,4</b>	<b>-5,2</b>	<b>-3,4</b>	<b>1,8</b>

Þessi viðsnúningur sést glögglega í hratt batnandi frumjöfnuði. Áætlað er að halli frumjafnaðar á árinu 2022 verði 1% af VLF í stað 2,7% af VLF samkvæmt áætlun fjárlaga. Frumjöfnuður ríkissjóðs er að batna um 94 ma.kr. frá áætlun fjárlaga. Gangi þessar áætlanir eftir er frumjöfnuðurinn að batna um 4,7% af VLF á milli ára, en frumjöfnuður ríkissjóðs var neikvæður um 187 ma.kr. árið 2021 eða sem svarar til 5,7% af VLF.

Á hinn bóginn er útlit fyrir að vaxtajöfnuðurinn versni mikið frá áætlun fjárlaga vegna mikillar aukningar í vaxtagjöldum ríkissjóðs sem aukast um tæplega 37 ma.kr. frá forsendum fjárlaga. Þá aukningu má fyrst og fremst rekja til mun hærri gjaldfærslu á verðbótum á rekstrargrunni en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir en gjaldfærðar verðbætur aukast um 36 ma.kr. á yfirstandandi ári vegna hárrar verðbólgu. Rétt er að vekja athygli á því í þessu sambandi að ekki er um að ræða samsvarandi útlæði úr ríkissjóði á greiðslugrunni en nánar er fjallað um vaxtagjöldin í kafla 3.3 hér á eftir. Vaxtajöfnuður ríkissjóðs stefnir í að verða neikvæður um 88 ma.kr. á yfirstandandi ári eða 2,4% af VLF sem er 33 ma.kr. lakari útkoma en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir.

Að teknu tilliti til vaxtajafnaðarins er heildarafkoman engu að síður að batna umtalsvert frá áætlun fjárlaga eða um rúmlega 60 ma.kr. Gert er ráð fyrir að afkomuhalli ríkissjóðs verði 3,4%

af VLF á árinu 2022 í stað 5,2% af VLF samkvæmt áætlun fjárlaga og 7% af VLF árið 2021.

Rekja má framangreindan afkomubata til kröftugs efnahagsbata sem hófst árið 2021 og hefur náð miklum styrk á þessu ári. Batinn hefur verið drifinn áfram af mikilli fjölgun ferðamanna og vexti einkaneyslu. Hvort tveggja hefur verið umfram væntingar við samþykkt fjárlaga ársins. Atvinnuleysi hefur lækkað hraðar en vonir stóðu til, jafnvel þótt aldrei fyrr hafi fleiri flutt til landsins en frá því fyrstu níu mánuði árs en árið 2022. Batinn hefur verið svo þróttmikill að óvíða meðal aðildarríkja OECD verður meiri hagvöxtur í ár. Verðbólga hefur einnig hækkað í ár langt umfram það sem spáð var við samþykkt fjárlaga ársins. Stafar verðbólgan bæði af hárrí verðbólgu erlendis og ekki síður innlendum þáttum. Hækkun húsnæðisverðs skipti þar miklu en hún er alls ekki eini innlendi kostnaðarþátturinn sem hefur hækkað verulega. Há verðbólga eykur tekjur ríkissjóðs til skamms tíma. Lengri tíma áhrif eru þó óljósari, enda ýmsir útgjaldaliðir sem hækka einnig. Væntingar standa til að verðbólga hjaðni áfram næstu mánuði þótt nokkurn tíma muni taka hana að komast aftur í 2,5% markmið Seðlabanka Íslands.

Afkomuhorfur ársins 2022 eru um 16 ma.kr. betri en gert var ráð fyrir í því endurmati sem birt var í frumvarpi til fjárlaga 2023 í september síðastliðnum<sup>2</sup>. Tekjuhorfur aukast um 36 ma.kr. frá þeirri áætlun, en þar vega þyngst auknar tekjur í tekjuskatti lögaðila (16 ma.kr.) og í virðisaukaskatti (16 ma.kr.). Á gjaldahlíð er gert ráð fyrir 20 ma.kr. hærri útgjöldum en samkvæmt fyrra mati. Mat á áætluðum umframútgjöldum í heilbrigðiskerfinu, sem m.a. má rekja til kórónuveirufaraldursins, hefur hækkað nokkuð. Vaxtagjöld hafa verið endurmetin til hækkunar, en þar munar mest um meiri aukningu verðbólgu en áður var gert ráð fyrir sem leiðir til hærri gjaldfærðra verðbóta á rekstrargrunni. Loks er gert ráð fyrir að kaup ríkisins á Norðurhúsi við Austurbakka verði eignfærð á þessu ári.

### 3.2 Tekjur

Heildartekjur ársins 2022 eru áætlaðar 1.067 ma.kr. eða 28,8% af VLF. Samkvæmt endurmati verða heildartekjur um 115 ma.kr. meiri en í samþykktum fjárlögum. Þar af aukast skatttekjur og tryggingagjöld um 100 ma.kr. Endurmatið er í samræmi við breyttar efnahagsforsendur og nýjustu upplýsingar um álagningu og innheimtu einstakra skattstofna.

Af einstökum sköttum aukast tekjur af VSK mest frá áætlun fjárlaga og hafa verið endurmetnar upp á við um tæpa 36 ma.kr. og standa nú í 318 ma.kr. Í áætluninni er litið til margra þátta, þar á meðal tímabundinna ívilnana vegna kórónuveirufaraldursins og orkuskipta í samgöngum. Í heild fól fjárlagaáætlunin í sér að grunnþáttur VSK án slíkra tímabundinna liða og erlendra ferðamanna myndi lækka lítilllega sem hlutfall af einkaneyslu innan lands frá hinu gríðarháa hlutfalli 2021. Síðan þá hefur spá um einkaneyslu ársins hækkað við hverja uppfærslu hagspárinnar, alls um 176 ma.kr. eða 10% að nafnvirði. Endurmat fyrrnefnds grunnþáttar VSK nemur nú 11% en VSK í heild 13%. Skýrist munurinn m.a. af því að neysla erlendra ferðamanna er mun meiri, vegna um fimmtungs fleiri ferðamanna og nokkru meiri meðalneyslu hvers ferðamanns. Á móti vegur að endurgreiðslur ársins sem tengjast aðgerðum til þess að milda áhrif veirufaraldursins eru nú áætlaðar 0,3 ma.kr. meiri og ívilnanir vegna rafmagnsbíla 3,4 ma.kr. meiri en í áætlun fjárlaga. Niðurstaðan er sú að VSK skilar annað árið í röð óvenju miklum tekjum sem skýrist m.a. af góðum kaupmætti og tafinni neyslu eftir faraldurinn. Á heildina litið er endurmat tekna af VSK í samræmi við uppfærða hagspá að viðbættum jákvæðum áhrifum af ferðaþjónustu.

Áætlun tekjuskatts einstaklinga og tryggingagjalds er samanlagt 24 ma.kr. hærri en í fjárlögum sem skýrist af hærri launum, auknum vinnustundum og minna atvinnuleysi en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga. Áætlun fjármagnstekjuskatts hækkar um 14 ma.kr. sem má

<sup>2</sup> Sjá bls. 109 í þingskjali 1 á 153. löggjafarþingi.

að stærstum hluta rekja til mikillar aukningar söluhagnaðar á síðasta ári. Þá hækkar tekjuskattur lögaðila um 19 ma.kr. og er sú aukning í samræmi við álagningu ríkisskattstjóra. Í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir töluverðum afkomubata fyrirtækja og um 25% hækkun frumálagningar tekjuskatts lögaðila frá fyrra ári. Viðspyrnan reyndist þó meiri og almennari en ráð hafði verið fyrir gert og jókst frumálagning um 45% milli ára.

Að lokum er vert að nefna að arðgreiðslur hækka um samanlagt 14 ma.kr. frá fjárlögum, þar af Landsbankinn um 7 ma.kr. og Landsvirkjun um 6 ma.kr.

### 3.3 Gjöld

Heildarútgjöld ársins 2022 eru áætluð á þjóðhagsgrunni 1.193 ma.kr. eða 32,2% af VLF sem er um 54 ma.kr. hærra en áætlun fjárlaga.

Tæplega 37 ma.kr. af áætlaðri aukningu útgjalda má rekja til áætlunar um hærri gjaldfærslu vaxtagjalda. Sú aukning skýrist nær alfarið af umtalsvert hærri verðbólgu á þessu ári en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir sem aftur leiðir til mun hærri gjaldfærslu á verðbótum verðtryggðra lána. Áætlað heildarumfang gjaldfærðra verðbóta á árinu nemur tæplega 50 ma.kr. eða sem nemur u.þ.b. 36 ma.kr. hækkun frá áætlun fjárlaga. Spá um árslokastöðu verðbólgu árið 2022 fer úr 2,8% samkvæmt forsendum fjárlaga og verður 8,8% í uppfærðri spá og nemur hækkunin því 6 prósentustigum, en árslokastaða vísitölu neysluverðs ræður útreikningi verðbóta sem reiknaðar eru af höfuðstól. Heildarumfang verðtryggðra lána ríkissjóðs er nú yfir 500 ma.kr. og því leiðir hvert prósentustig aukinnar verðbólgu til ríflega 5–6 ma.kr. hækkunar á verðbótum. Verðbætur teljast til vaxtagjalda á rekstrargrunni samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli og eru samkvæmt staðlinum færð á því tímabili sem þau myndast, en hafa takmörkuð áhrif á greiðsluflæði ríkissjóðs fyrr en við endurgreiðslu lánsins þar sem verðbætur leggjast við höfuðstól. Ljóst er að umfang verðbóta hefur tekið stakkaskiptum samhliða auknu umfangi verðtryggðra lána í skuldasafni ríkissjóðs og í beinu samhengi við aukna verðbólgu, en t.a.m. nam heildarumfang verðbóta innan við 10 ma.kr. árið 2019. Í áætlunum er gert ráð fyrir að verðbætur lækki strax á næsta ári og árin þar á eftir samhliða lækkandi verðbólgu.

Frumgjöld eru áætluð í heild um 18 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þar vegast á ýmsir liðir til hækkunar og lækkunar. Til hækkunar vega þyngst veruleg umframútgjöld í heilbrigðisþjónustu sem rekja má til veirufaraldursins, einkum frá fyrri hluta árs, eða samtals vel á annan tug milljarða á árinu. Af öðrum útgjaldaauka má nefna endurmat á launforsendum fjárlaga m.a. vegna hagvaxtarauka og framlaga vegna verkefnisins betri vinnutíma í vaktavinnu samtals um 6,5 ma.kr. Þá er gert ráð fyrir viðbótarkostnaði vegna nokkurra mótvægisáðgerða sem ríkisstjórnin samþykkti að fara í til að bæta hag tekjulægri heimila vegna aukinnar verðbólgu á árinu. Áðgerðirnar fólust í hækkun á bótum almannatrygginga, útgreiðslu á sérstökum barnabótaauka og hækkun á grunnfjárhæð húsnæðisbóta. Við mat á útgjaldahorfum hefur jafnframt verið tekið tillit til kaupa ríkisins á Norðurhúsi við Austurbakka af Landsbankanum að fjárhæð 6 ma.kr. Auk framangreinds hefur verið áætlað fyrir umtalsverðum viðbótarkostnaði vegna fjölgunar umsækjenda um alþjóðlega vernd og málefna sem varðar stríðsátökin í Úkraínu. Áætlaður viðbótarkostnaður vegna þessa er um 5 ma.kr. Þá er áætlað að umframútgjöld nokkurra liða sjúkratrygginga muni nema rúmlega 3 ma.kr. á árinu en þar af vegur þyngst umframútgjöld í lyfjakostnaði.

Á móti þessum og öðrum kostnaðarauka sem fram kemur í frumvarpinu vegur m.a. almennur varasjóður fjárlaga sem nemur 16,5 ma.kr. árið 2022. Gert er ráð fyrir að almennur varasjóður fjármagni ofangreind útgjaldamál að hluta, sbr. umfjöllun í kafla 1.4, en að ónýtt fjárheimild sjóðsins í lok árs vegi á móti afkomuáhrifum annarra útgjaldamála. Þá er áætlað að útgjöld vegna atvinnuleysis verði um 10 ma.kr. lægri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Einnig er áætlað að útgjöld vegna framkvæmda við byggingu nýs Landspítala verði 6 ma.kr. lægri en

gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Loks er við endurmat útgjaldahorfa gert ráð fyrir 4 ma.kr. lækkun útgjalda frá áætlun fjárlaga vegna minni fjölgunar örorku- og endurhæfingarlífeysisþega en fyrri forsendur gerðu ráð fyrir og 2,5 ma.kr. lækkun vegna hærri tekna ellilífeyrisþega eins og fjallað er um í greinargerð frumvarpsins.

Vakin er athygli á því að við endurmat á útgjaldahorfum ársins við vinnslu þessa frumvarps er tekið mið af rauntölum samkvæmt bókhaldsstöðu á fyrstu níu mánuðum ársins, áhættumati vegna framkvæmdar fjárlaga fyrir árið 2022, auk áætlana um þróun útgjalda til áramóta. Leitast er við að hafa matið eins raunhæft og mögulegt er og áætla öll útgjöld sem horfur eru á að falli til á árinu. Hafa þarf þann fyrirvara á að við endurmat útgjalda verður enn óvissa um framvindu ýmissa þátta og endanlegt uppgjör liða í lok árs, en almennt er gert ráð fyrir að ráðuneytin geri viðeigandi ráðstafanir vegna framkvæmdar fjárlaga til að taka á rekstrarhalla innan ársins og bregðast við frávikum innan sinna málefnasviða og málaflokka.

### 3.4 Lánsfjármál

Heildarskuldir ríkissjóðs eru áætlaðar um 1.470 ma.kr. í árslok 2022 en voru áætlaðar 1.609 ma.kr. í fjárlögum fyrir árið 2022. Lækkunin nemur því 139 ma.kr. og skýrist annars vegar af bættri afkomu ríkissjóðs og hins vegar af því að erlent lán fyrir um 75 ma.kr. var ekki endurfjármagnað eins og áætlanir gerðu ráð fyrir í fjárlögum. Sú breyting hefur bein áhrif á heildarskuldir til lækkunar en hefur ekki áhrif á skuldahlutfall ríkissjóðs samkvæmt skuldareglu laga um opinber fjármál þar sem sjóðir og bankainnstæður eru dregnar frá heildarskuldum. Áætlað er að kuldir ríkissjóðs samkvæmt þeirri skilgreiningu verði um 1.203 ma.kr. eða 32,5% af VLF í árslok 2022 en voru áætlaðar 1.247 ma.kr. eða 35% af VLF í fjárlögum ársins 2022. Þar var gert ráð fyrir lántökum fyrir 321 ma.kr. á árinu sem innihélt meiri fjárþörf og endurfjármögnun erlenda lánsins en vegna uppgreiðslunnar og minni fjárþarfar ríkissjóðs hefur lántaka verið endurmetin 160 ma.kr. og er að öllu leyti innlend.



### Greinargerð við einstaka málaflokka.

Í þessum hluta er gerð grein fyrir breytingum á fjárheimildum einstakra málefna sviða og málaflokka í frumvarpinu. Nýju útgjaldatílefnin teljast uppfylla skilyrði 26. gr. laga um opinber fjármál en ekki var mögulegt að bregðast við með því að nýta önnur úrræði, svo sem varasjóði málaflokka eða með breyttri forgangs röðun verkefna.

Hluti breytinganna felst í innbyrðis leiðréttingu á hagrænni skiptingu fjárheimilda málefna sviða og málaflokka en þar er einkum um að ræða breytingar til samræmis við áætlað uppgjör viðkomandi liða í ríkisreikningi. Í meðfylgjandi töflu má sjá tillögur að breytingum á hagrænu skiptingunni en þessar leiðréttingar hafa hvorki áhrif á heildarheimildir málefna sviða og málaflokka né afkomu ríkissjóðs.

Í umfjölluninni um einstaka málaflokka hér á eftir um helstu breytingar frumvarpsins er fyrst og fremst fjallað um breytingar á sértækum útgjaldamálum málefna sviða og málaflokka, og eftir atvikum millifærslu fjárheimilda milli málefna sviða og málaflokka.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfesting- arframlög	Heildar- fjárheimild
<b>03 Æðsta stjórnarsýsla .....</b>	<b>-32,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>32,0</b>	<b>0,0</b>
03.30 Forsætisráðuneyti .....	-32,0	0,0	0,0	32,0	0,0
<b>09 Almanna- og réttaröryggi .....</b>	<b>-46,1</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>46,1</b>	<b>0,0</b>
09.10 Löggæsla .....	-46,1	0,0	0,0	46,1	0,0
<b>10 Rétt einstakl, trúmál og stjórnarsýsla dómsmála .....</b>	<b>-29,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>29,0</b>	<b>0,0</b>
10.10 Persónuvernd .....	3,2	0,0	0,0	-3,2	0,0
10.30 Sýslumenn .....	-4,0	0,0	0,0	4,0	0,0
10.40 Stjórnarsýsla dómsmálaráðuneytis .....	-21,2	0,0	0,0	21,2	0,0
10.50 Útlendingamál .....	-7,0	0,0	0,0	7,0	0,0
<b>12 Landbúnaður .....</b>	<b>13,4</b>	<b>-13,4</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
12.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum .....	-46,6	46,6	0,0	0,0	0,0
12.60 Stjórnarsýsla matvælaráðuneytis .....	60,0	-60,0	0,0	0,0	0,0
<b>17 Umhverfismál .....</b>	<b>-70,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>70,0</b>	<b>0,0</b>
17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla .....	-71,0	0,0	0,0	71,0	0,0
17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands .....	25,0	0,0	0,0	-25,0	0,0
17.50 Stjórnarsýsla umhverfismála .....	-24,0	0,0	0,0	24,0	0,0
<b>18 Menning, listir, íþrótt- og æskulýðsmál .....</b>	<b>85,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-85,0</b>	<b>0,0</b>
18.10 Safnamál .....	25,0	0,0	0,0	-25,0	0,0
18.20 Menningarstofnanir .....	60,0	0,0	0,0	-60,0	0,0
<b>22 Önnur skólastig og stjórnarsýsla mennta- og barnamála ...</b>	<b>-30,0</b>	<b>30,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
22.20 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig .....	-30,0	30,0	0,0	0,0	0,0
<b>23 Sjúkrahúspjónusta .....</b>	<b>345,8</b>	<b>-345,8</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
23.10 Sérhæfð sjúkrahúspjónusta .....	345,8	-345,8	0,0	0,0	0,0
<b>24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....</b>	<b>-800,0</b>	<b>800,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
24.10 Heilsugæsla .....	-800,0	800,0	0,0	0,0	0,0
<b>25 Hjúkrunar- og endurhæfingarpjónusta .....</b>	<b>17,9</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-17,9</b>	<b>0,0</b>
25.10 Hjúkrunar- og dvalarrými .....	17,9	0,0	0,0	-17,9	0,0
<b>30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....</b>	<b>-216,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>216,0</b>	<b>0,0</b>
30.10 Vinnumál og atvinnuleysi .....	-211,0	0,0	0,0	211,0	0,0
30.20 Vinnumarkaður .....	-5,0	0,0	0,0	5,0	0,0
<b>32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála .....</b>	<b>31,0</b>	<b>-50,0</b>	<b>0,0</b>	<b>19,0</b>	<b>0,0</b>
32.30 Stjórnarsýsla heilbrigðismála .....	31,0	-50,0	0,0	19,0	0,0
<b>34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir .....</b>	<b>17.873,9</b>	<b>-17.873,9</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
34.30 Afskriftir skattkrafna .....	17.873,9	-17.873,9	0,0	0,0	0,0
<b>Samtals .....</b>	<b>17.143,9</b>	<b>-17.453,1</b>	<b>0,0</b>	<b>309,2</b>	<b>0,0</b>

## 04 Utanríkismál

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði hækkuð um 650 m.kr.

### 04.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði hækkuð um 650 m.kr. sem skýrist af tveimur tilefnum.

Annars vegar er tillaga um 400 m.kr. framlag til að koma til móts við brýnar þarfir á sviði varnarmála. Stjórnvöld hafa þegar veitt um 160 m.kr. í fjölþjóðlegan sjóð til stuðnings varna Úkraínu á vegum breskra stjórnvalda og eru áform um að nýta fjárheimildina til að auka við þann stuðning með framlaginu en einnig mun Ísland leggja sitt af mörkum til þjálfunar jarðsprengjuleitarsveita í Úkraínu.

Hins vegar er gerð tillaga um 250 m.kr. framlag til hergagnaflutninga til Úkraínu. Stjórnvöld í Úkraínu hafa óskað eftir hernaðargögnum til notkunar við varnir landsins og hafa bandalagsríki Íslands veitt slíkan stuðning og ítrekað leitað eftir stuðningi landsins við flutning þeirra.

## 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði óbreytt en að 75,9 m.kr. fjárheimild verði millifærð milli málaflokka innan sviðsins.

### 05.10 Skattar og innheimta

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins lækki um 75,9 m.kr. sem skýrist af tveimur millifærslum af varasjóði málaflokksins. Annars vegar er lagt til að millifæra 35 m.kr. yfir á varasjóð málaflokks *05.30 Fjárumsýsla ríkisins* og hins vegar 40,9 m.kr. á varasjóð málaflokks *05.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála*.

### 05.30 Fjármálaumsýsla ríkisins

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 35 m.kr. sem skýrist af millifærslu af varasjóði málaflokks *05.10 Skattar og innheimta* á varasjóð málaflokks *05.30*.

### 05.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 40,9 m.kr. sem skýrist af millifærslu af varasjóði málaflokks *05.10 Skattar og innheimta* á varasjóð málaflokks *05.40*.

## 06 Hagskýrslugerð og grunnskrár

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins lækki um 387,1 m.kr.

### 06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins lækki um 387,1 m.kr. sem skýrist af tveimur tilefnum.

Annars vegar er gerð tillaga um lækkun fjárheimilda Þjóðskrár Íslands um 384,4 m.kr. Skýrist lækkunin af því að verkefni tengd fasteignaskrá og fasteignamati eru flutt frá Þjóðskrá Íslands til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á málafllokki *31.10 Húsnæðismál* í samræmi við samþykkt laga um fasteignaskrá sem tók gildi 1. júlí sl. Markmiðið er að einfalda og efla þjónustu við fólk og fyrirtæki á sviði húsnæðismála og tryggja enn frekari samhæfingu milli ríkisstofnana og sveitarfélaga. Þjóðskrá Íslands mun áfram veita öflugna þjónustu við skráningu einstaklinga.

Hins vegar er gerð tillaga um tilfærslu 2,7 m.kr. fjárfestingarframlags frá Þjóðskrá Íslands til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar í samræmi við flutning verkefna um fasteignaskrá.

## 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 1.786,6 m.kr.

### 07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 1.786,6 m.kr. sem skýrist af fjórum tilefnum.

Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 1.750 m.kr. aukna fjárheimild til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar. Fjárheimildir ársins nema 1.453,2 m.kr. og voru þær auknar varanlega um 500 m.kr. í fjárlögum til að mæta útgjaldaaukningu endurgreiðslukerfisins. Staðfestar ófjármagnaðar skuldbindingar frá september sl. nema 1.240 m.kr. en auk þess liggja fyrir umsóknir um útborgun á árinu 2022 sem eru í uppgjörsferli. Nemur áætlað umfang þeirra umsókna á bilinu 550–675 m.kr. Samkvæmt gildandi reglugerð þá hefur ráðherra heimild til að fresta endurgreiðslum sem kunna að vera umfram fjárveitingar Alþingis hverju sinni komi þess að skuldbindingar rúmist ekki innan fjárheimilda að uppgjörsferli loknu.

Í öðru lagi eru lagðar til auknar fjárheimildar um 60 m.kr. til þess að styrkja innleiðingu nýsköpunar og nýrra lausna í heilbrigðistækni og -þjónustu. Tillagan er hluti af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að verja allt að 750 m.kr. til sértækra félagslegra aðgerða á yfirstandandi ári til að bregðast við heimsfaraldri kórónuveiru. Áhersla verður á stafrænar lausnir til aukinnar skilvirkni og bættrar þjónustu í heilbrigðiskerfinu. Verkefninu verður stýrt af háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti og unnið í nánú samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti.

Í þriðja og fjórða lagi eru millifærslur á milli málefna sviða. Annars vegar er lagt til að millifæra 15,9 m.kr. á málaflökk *18.50 Stjórnsýsla menningar og viðskipta* og hins vegar er lagt til að millifæra 7,5 m.kr. á málaflökk *18.30 Menningarsjóðir*.

## 08 Sveitarfélög og byggðamál

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 2.230,0 m.kr.

### 08.10 Framlög til sveitarfélaga

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 2.230 m.kr. vegna hækkunar framlags til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Annars vegar er um að ræða 1.830 m.kr. hækkun til samræmis við endurskoðaða áætlun um lögbundin framlög til sjóðsins af innheimtum

skatttekjum og tryggingagjöldum ársins og útsvarstofni árið 2021. Áætlunin miðast við að innheimtar skatttekjur og tryggingagjöld verði 945,2 ma.kr. á árinu 2022 og að álagningarstofn útsvars hafi verið 1.901.6 ma.kr. árið 2022. Hins vegar er lögð til 400 m.kr. leiðrétting vegna uppgjörs á framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2021.

## 09 Almanna- og réttaröryggi

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 410 m.kr.

### 09.10 Löggæsla

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 381,9 m.kr. sem skýrist af eftirfarandi tilefnum.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 260 m.kr. hækkun framlags til ríkislögreglustjóra til að mæta auknum kostnaði vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins. Kostnaðaraukinn fólst m.a. í smitrakningu, eftirliti og húsnæði.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir 111,9 m.kr. hækkun framlags til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu til að mæta auknum kostnaði vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins. Kostnaðurinn er vegna aukinna samkomutakmarkana og smita í samfélaginu fyrstu þrjá mánuði ársins sem leiddi af sér aukna hólfun embættisins sem mæta þurfti með ýrtruðu mönnum á lögreglustöðvum vegna áætlunar um órofinn rekstur.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir tveimur millifærslum. Annars vegar 30 m.kr. millifærslu á málaflokkinn af *10.40 Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis* vegna áframhaldandi þróunar og uppbyggingar réttarvörslugáttar og hins vegar 20 m.kr. millifærslu á málaflokk *10.40 Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis* vegna endurskoðunar á varasjóðum málefnasviða dómsmálaráðuneytis.

### 09.50 Fullnustumál

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 28,1 m.kr. til að mæta auknum kostnaði Fangelsismálastofnunar vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins. Tillögunni er ætlað að mæta auknum kostnaði við breytta mönnum vakta fangavarða í upphafi árs sem þótti nauðsynleg til að tryggja óhindraðan rekstur.

## 10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmála

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins lækki um 10 m.kr.

### 10.40 Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins lækki um 10 m.kr. vegna tveggja millifærslna.

Annars vegar eru 30 m.kr. millifærðar af málaflokknum á málaflokk *09.10 Löggæsla* vegna áframhaldandi þróunar og uppbyggingar réttarvörslugáttar og hins vegar 20 m.kr. millifærðar á málaflokkinn af málaflokki *09.10 Löggæsla* vegna endurskoðunar á varasjóðum málefnasviða dómsmálaráðuneytis.

## 11 Samgöngu- og fjarskiptamál

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 352,2 m.kr.

### 11.10 Samgöngur

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 300 m.kr. til að bregðast við neikvæðri verðlagsþróun innan ársins sem hefur haft mikil áhrif á rekstrarkostnað almenningsgangna. Tillagan samanstendur af auknum fjárveitingum til sammingsbundinna ríkisstyrktra flugleiða, til Loftbrúar, til áætlunaraksturs á landsbyggðinni og ferjureksturs. Þeir áhrifaþættir sem helst ber að nefna eru hækkun heimsmarkaðsverðs á olíu, aukin verðbólga og notkun Loftbrúar umfram upphaflegar áætlanir, en notkun hennar hefur farið stöðugt vaxandi. Á yfirstandandi ári kom fyrst full reynsla á nýtingu afsláttarkjara Loftbrúar og áætlað er að árlegur kostnaður nemi allt að 600 m.kr.

### 11.20 Fjarskipti

Lagt er til að veitt verði 52,2 m.kr. fjárveiting til að fjármagna alþjónustu í pósti. Alþjónustubyrði ársins 2021 kemur til greiðslu á árinu 2022 og byggjast fjárheimildir hvers árs á áætlun um hver byrðin vegna næstliðins árs er. Byggðastofnun er eftirlitsaðili alþjónustunnar og leggur mat á byrðina. Ákvörðun um alþjónustubyrði 2021 liggur nú fyrir og nemur hún 563 m.kr. Fjárveiting samkvæmt fjárlögum ársins 2022 nemur 462 m.kr. og verður hún nýtt að fullu upp í framlagið fyrir 2021. Þá var varúðarframlag (fyrirframgreiðsla) að fjárhæð 48,8 m.kr. greidd á árinu 2021. Fjárveiting 2022 og þegar greitt varúðarframlag nemur því samtals 510,8 m.kr. Samkvæmt framangreindu vantar enn 52,2 m.kr. til að gera að fullu upp við Íslandspóst vegna ársins 2021.

## 12 Landbúnaður

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 2.319 m.kr.

### 12.10 Stjórnun landbúnaðarmála

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 2.189 m.kr. Hækkunin byggist á tillögum starfshóps sem matvælaráðherra skipaði í júní til að meta stöðu í matvælaframleiðslu hér á landi í kjölfar verulegra verðhækkana á aðföngum, einkum vegna stríðsins í Úkraínu. Samkvæmt niðurstöðum hópsins eru kostnaðarhækkunar búgreina áætlaðar 4.650 m.kr. á árinu 2022 og er gert ráð fyrir að veittir verði mótvægisstyrkir úr ríkissjóði sem nemi 2.461 m.kr., þar af 2.189 m.kr. á árinu 2022 og 272 m.kr. árið 2023. Aukningin skiptist þannig að 317 m.kr. fara til nautgriparæktar, 760 m.kr. til sauðfjárræktar, 140 m.kr. til garðyrkju og 450 m.kr. í ýmsan stuðning við landbúnað, þar af fara 225 m.kr. í fôðurstyrk í svínarækt, 160 m.kr. í fôðurstyrk í alifuglarækt og 65 m.kr. í fôðurstyrk á eggjaframleiðslu. Að auki er gert ráð fyrir 522 m.kr. framlagi í samræmi við tillögur starfshópsins, 259 m.kr. til að koma til móts við 65% álag á jarðræktarstyrki, 258 m.kr. vegna 65% álags á landgreiðslur og 5 m.kr. vegna 30% álags á geitfjárrækt.

### 12.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins lækki um 20 m.kr. og skýrist sú breyting af tveimur tilefnum.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að 50 m.kr verði millifærðar af málafloknum yfir á aðalskrifstofu ráðuneytisins, á málaflokk *12.60 Stjórnsýsla matvælaráðuneytisins*. Skýrist millifærslan af breyttri forgangsröðun innan ramma málefna sviða matvælaráðuneytisins. Kostnaður aðalskrifstofu ráðuneytisins hefur verið meiri en ráð var fyrir gert vegna verkefna tengdum matvælaöryggi. Á móti hefur framlag á lið matvælaöryggis verið hærra en kostnaður við verkefnið sem sést m.a. á því að yfirfærð uppsöfnuð staða frá árinu 2021 er ríflega 50 m.kr.

Í öðru lagi er lagt til að framlag til Bjargráðasjóðs verði aukið um 30 m.kr. Síðustu þrjú ár hefur almennt árlegt framlag til sjóðsins verið 8,3 m.kr. Erfitt er að áætla fyrir fram útgjöld Bjargráðasjóðs vegna óvæntra áfalla. Stjórnvöld hafa farið þá leið undanfarin ár að safna ekki fjármunum í sjóðinn en bregðast fremur við með sérstökum fjárveitingum. Á árinu 2022 er þó þegar ljóst að kostnaður sjóðsins verður óvenju hár en í mars sl. höfðu þegar verið samþykkt ógreidd styrkloforð fyrir rúmar 23 m.kr.

### **12.60 Stjórnsýsla matvælaráðuneytisins**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 150 m.kr. sem skýrist af tveimur millifærslum.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að fjárheimild málaflokksins hækki um 50 m.kr. vegna millifærslu af málaflokki *12.20 Stjórnun landbúnaðarmála* en tilefni hennar er útskýrt í efnisgrein um málaflokk *12.20*.

Í öðru lagi er lagt til að fjárheimild málaflokksins hækki um 100 m.kr. vegna millifærslu af málaflokki *13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi*. Um er að ræða breytta forgangsröðun innan ramma málefna sviða matvælaráðuneytisins sem skýrist m.a. af því að kostnaður aðalskrifstofu ráðuneytisins, vegna breyttrar skipanar Stjórnarráðsins, hefur verið meiri en ráð var fyrir gert. Því til viðbótar miðar tillagan að því að breyta forgangsröðun fjárveitinga í þá veru að færa fjármagn af safnlið yfir á aðalskrifstofu ráðuneytisins, m.a. út frá þeirri staðreynd að undir aðalskrifstofu ráðuneytisins heyrir nú eingöngu einn ráðherra en ekki tveir eins og var fyrir breytta skipan Stjórnarráðsins.

## **13 Sjávarútvegur og fiskeldi**

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins lækki um 100 m.kr.

### **13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins lækki um 100 m.kr. vegna millifærslu á málaflokk *12.60 Stjórnsýsla matvælaráðuneytisins*. Sjá nánari útskýringu undir málaflokki *12.60*.

## **17 Umhverfismál**

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins haldist óbreytt en að 71 m.kr. fjárheimild verði millifærð milli málaflokka innan sviðsins

### **17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 71 m.kr. sem skýrist af millifærslu af málaflokki *17.50 Stjórnsýsla umhverfismála*. Um er að ræða tímabundna fjárveitingu til

Vatnajökulsþjóðgarðs. Af því verður 10,5 m.kr. varið í kaup á húsgögnum og búnaði í Gíg í Mývatnssveit og 60,5 m.kr. í framkvæmdir við bílastæði, aðkomu og frágang húss við þjóðgarðsmiðstöðina að Klaustri.

### 17.50 Stjórnsýsla umhverfismála

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins lækki um 71 m.kr. vegna millifærslu á málaflökk 17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla.

## 18 Menning, listir, íþróttar og æskulýðsmál

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 1.104 m.kr.

### 18.20 Menningarstofnanir

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 146,1 m.kr. til að styrkja rekstur Þjóðleikhússins með tímabundnu framlagi í kjölfar aukins rekstrarkostnaðar á árinu 2021 vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins. Aukinn kostnaður fólst einkum í viðbótarkostnaði og óhagræði í starfsmannahópi vegna tilfærslu verkefna innan leikárs og yfir á næsta leikár ásamt stöðvunum á sýningum með engum fyrirvara. Annar stór þáttur í viðbótarkostnaði er auknar sóttvarnir og öryggi við framkvæmd sýninga til að hægt væri að halda þeim gangandi í samræmi við samkomutakmarkanir.

### 18.30 Menningarsjóðir

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 457,5 m.kr. sem skýrist af tveimur tilefnum.

Í fyrsta lagi er lagt til að veita samtals 450 m.kr. í viðspyrnuaðgerðir ríkisstjórnar vegna kórónuveirufaraldursins til tónlistar og sviðslista.

Í öðru lagi er lagt til að millifæra 7,5 m.kr. á málaflökkinn af málaflökki 07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar. Verið er að sameina greiðslur samnings undir sama málefna svið og sama fjárlagalið.

### 18.40 Íþróttar og æskulýðsmál

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 480 m.kr. og skýrist það af tveimur tilefnum.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir 130 m.kr. framlagi til að styðja við börn og fjölskyldur í viðkvæmri stöðu eftir kórónuveirufaraldurinn. Tillagan er hluti af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að verja allt að 750 m.kr. til sértækra félagslegra aðgerða á yfirstandandi ári til að bregðast við heimsfaraldri kórónuveiru en verkefnið var leitt af forsætisráðuneytinu. Um er að ræða framhald á fyrri aðgerðum er varða börn í viðkvæmri stöðu og aðgerðum sem beindust gegn ofbeldi gegn börnum, svo sem sérstök sumarúrræði fyrir börn í viðkvæmri stöðu, aðgerðir til stuðnings börnum og ungmennum með tilfinninga- og hegðunarvanda, virkniúrræði fyrir ungmenni á aldrinum 16–19 ára sem eru hvorki á vinnumarkaði né í námi og úrræði fyrir börn einstakra foreldra við láttekjumörk. Sveitarfélögin voru samstarfsaðili mennta- og barnamálaráðuneytisins í þessu verkefni og var ofangreindum fjármunum ráðstafað til þeirra í sumar. Alls hefur verið veittur styrkur vegna 24.048 barna og nam meðalupphæð á hvert barn 5.406 kr.

Í öðru lagi er gerð tillaga um 350 m.kr. framlag til að koma til móts við íþróttar og



æskulýðshreyfinguna vegna afleiðinga heimsfaraldurs kórónuveiru. Um er að ræða mótvægisáðgerð stjórnvalda gegn tekjutapi hjá sersamböndum og íþróttafélögum af völdum heimsfaraldurs. Gert er ráð fyrir að úthlutunarreglur taki mið af afkomu og skilyrðum um að tekjutap og/eða kostnaðarauka megi rekja til afleiðinga faraldursins.

### **18.50 Stjórnsýsla menningar og viðskipta**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 20,4 m.kr. og skýrist það af tveimur millifærslum.

Annars vegar er lagt til að millifæra 15,9 m.kr. á málaflokkinn af málaflokki *07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar* en verið er að sameina greiðslur samnings undir sama málefna sviði og sama fjárlagalið. Hins vegar er lögð til 4,5 m.kr. millifærsla af málaflokki *31.10 Húsnæðismál* vegna breytingar á fyrirkomulagi kvörðunarþjónustu.

## **20 Framhaldsskólastig**

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 25,5 m.kr.

### **20.10 Framhaldsskólar**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 25,5 m.kr. og skýrist það af tveimur tilefnum.

Í fyrsta lagi er lagt til að fjárheimild málaflokksins lækki um 40 m.kr. vegna millifærslu á málaflokk *22.20 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig* vegna Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Sjá nánari umfjöllun á málaflokki *22.20*.

Í öðru lagi er lagt til að fjárheimild málaflokksins hækki um 65,5 m.kr. vegna millifærslu af málaflokki *21.10 Háskólar og rannsóknarstarfsemi* á málaflokk *20.10 Framhaldsskólar*. Skýrist þetta af flutningi starfsmenntanáms í garðyrkju frá Landbúnaðarháskólanum til Fjölbrautaskóla Suðurlands. Er þetta í samræmi við samkomulag sem var gert á milli mennta- og barnamálaráðuneytis og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis um tilfærsluna.

## **21 Háskólastig**

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins lækki um 65,5 m.kr.

### **21.10 Háskólar og rannsóknarstarfsemi**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins lækki um 65,5 m.kr. vegna millifærslu af málaflokki *21.10 Háskólar og rannsóknarstarfsemi* á málaflokk *20.10 Framhaldsskólar*. Skýrist þetta af flutningi starfsmenntanáms í garðyrkju frá Landbúnaðarháskólanum til Fjölbrautaskóla Suðurlands. Er þetta í samræmi við samkomulag sem var gert á milli mennta- og barnamálaráðuneytis og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis um tilfærsluna.

## 22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og menningarmála

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 100 m.kr.

### 22.10 Leikskóla- og grunnskólastig

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 30 m.kr. og verði varið í tímabundinn stuðning við börn og ungmenni vegna stríðsátakanna í Úkraínu. Við móttöku barna á flóttu frá Úkraínu var farið af stað með margvísleg verkefni til þess að styðja við börn á flóttu og fjölskyldur þeirra.

### 22.20 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 70 m.kr. sem skýrist af tveimur tilefnum.

Í fyrsta lagi er lagt til að 30 m.kr. verði millifærðar á málaflokkinn af málaflökki 29.70 *Málefni innflytjenda og flóttamanna* vegna viðbótarstuðnings við íslenskukennslu fyrir útlendinga með því að styrkja námskeiðahald í íslensku.

Í öðru lagi er lagt til að 40 m.kr. verði millifærðar af málefna sviði 20 *Framhaldsskólastig* vegna Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Við flutning málaflokks 22.20 *Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig* yfir til félags- og vinnumarkaðsráðuneytis fyrr á árinu var gert ráð fyrir að hluti af árlegu framlagi til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins flyttist yfir á framhaldsskólastigið. Við nánari athugun var ákveðið að falla frá þessari ráðstöfun og framlagið því millifært aftur á þennan málaflökk.

## 23 Sjúkrahúspjónusta

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 9.720,3 m.kr.

### 23.10 Sérhæfð sjúkrahúspjónusta

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 9.591,7 m.kr. sem skýrist nánast alfarið af ófyrirséðum rekstrarkostnaði Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri í kórónuveirufaraldrinum.

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins aukist um 9.606,4 m.kr. vegna aukinna útgjalda í tengslum við kórónuveirufaraldurinn. Annars vegar er óskað eftir 8.644 m.kr. til að mæta ófyrirséðum kostnaði í kórónuveirufaraldrinum á Landspítala og 902,4 m.kr. til Sjúkrahússins á Akureyri. Faraldurinn hefur haft margvísleg áhrif á starfsemi heilbrigðis kerfisins á Íslandi á yfirstandandi ári. Töluverður fjöldi sjúklinga hefur legið á heilbrigðisstofnunum landsins vegna COVID-19, auk þess sem veikindi starfsfólks hafa kallað á endurskoðun verkferla. Þannig hefur verkefnum verið forgangsraðað upp á nýtt, starfsfólk verið flutt til í starfi og bætt við sig vinnu til að tryggja mönnum á vöktum. Til að mæta auknu álagi hafa verið greiddar sérstakar álagsgreiðslur við ákveðin skilyrði, svo sem þegar unnið hefur verið í hlífðarbúnaði. Af öðrum rekstrarkostnaði heilbrigðisstofnana má nefna prófefni/hvarfefni vegna veiruskimunar, auk kostnaðar vegna aukinna sóttvarna, eins og sóttþreinsiefnum, glösum, sprautum og öðrum einnota sjúkrahúsvörum.

Hins vegar er lögð til 60 m.kr. aukning vegna ákvörðunar um að ráðast í aðgerðir til að bregðast við félags- og heilsufarslegum áhrifum heimsfaraldursins. Um er að ræða 60 m.kr. til styrkingar þjónustu Barna- og unglingageðdeildar Landspítala og BUG Teymis Sjúkrahússins á Akureyri til að mæta aukinni eftirspurn. Markmið aðgerðarinnar er að auka aðgengi og stytta biðtíma eftir þriðja stigs geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og ungmenni á landsvísu.

Auk tillagna vegna faraldursins er lagt til að millifæra 14,7 m.kr. af málaflökknum á málaflokk 32.10 *Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit* vegna embættis landlæknis í tengslum við innleiðingu fjármögnunar heilbrigðisþjónustu samkvæmt DRG. Af þeim eru 12,7 m.kr. vegna viðbótarstarfsmanns við DRG-flokkun og 2 m.kr. vegna leyfisgjalda Visual DRG hugbúnaðar.

### 23.20 Almenn sjúkrahúspjónusta

Lagt er til að fjárheimild málaflöksins verði aukin um 128,6 m.kr. sem skýrist af auknum rekstrarkostnaði sjúkrasviðs heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni vegna kórónuveirufaraldursins. Faraldurinn hefur haft margvísleg áhrif á rekstur heilbrigðisstofnana á yfirstandi ári, sbr. umfjöllun í málaflokki 23.10 *Sérhæfð sjúkrahúspjónusta*. Gert er ráð fyrir 39,5 m.kr. vegna Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, 14,9 m.kr. vegna Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, 7,3 m.kr. vegna Heilbrigðisstofnunar Austurlands og 66,9 m.kr. vegna Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

## 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 3.359,6 m.kr.

### 24.10 Heilsugæsla

Gert er ráð fyrir að fjárheimild málaflöksins hækki um 1.981,6 m.kr. sem skýrist af tvennu. Í fyrsta lagi er farið fram á 2.744,7 m.kr. til heilbrigðisstofnana vegna útgjalda sem rekja má til kórónuveirufaraldursins. Þar vega þyngst aukin rekstrarframlög sem nema 2.624,7 m.kr. en heilsugæslan hefur verið mikilvægur aðili í baráttunni við faraldurinn, hefur t.a.m. séð um skimanir og staðið fyrir bólusetningum. Nánar er fjallað um áhrif faraldursins á heilbrigðisstofnanir undir málaflokki 23.10 *Sérhæfð sjúkrahúspjónusta*. Gert er ráð fyrir að framlög skiptist með eftirtöldum hætti á einstaka aðila: Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins 1.586 m.kr., Læknavaktin 91,8 m.kr., Heilbrigðisstofnun Vesturlands 94,7 m.kr., Heilbrigðisstofnun Vestfjarða 14,1 m.kr., Heilbrigðisstofnun Norðurlands 357 m.kr., Heilbrigðisstofnun Austurlands 99,8 m.kr., Heilbrigðisstofnun Suðurlands 208,7 m.kr. og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 172,6 m.kr. Einnig er farið fram á 120 m.kr. vegna stuðnings við aðgerðir sem tengjast félags- og heilsufarslegum afleiðingum Covid-19, um að ræða 120 m.kr. til styrkingar geðheilsuteyma fullorðinna í heilsugæslu með það að markmiði að auka aðgengi og stytta biðtíma eftir biðtíma í þjónustu í geðheilsutímum á landsvísu.

Í öðru lagi eru gerðar 763,1 m.kr. nettó millifærslur af málaflökknum, þar af eru 798,4 m.kr. vegna lækkunar á greiðsluþátttöku sjúkratryggðra sem skiptist á eftirtalda málaflokk: 269,3 m.kr. flytjast á málaflokk 26.10 *Lyf*, 6,1 m.kr. á málaflokk 24.40 *Sjúkraflutningar*, 290 m.kr. flytjast á málaflokk 24.20 *Sérfræðiþjónusta og hjúkrun*, 165 m.kr. flytjast á málaflokk 26.30 *Hjálpartæki*. Þá flytjast 49 m.kr. á málaflokk 26.30 *Hjálpartæki* vegna kaupa á sérhæfðum búnaði og 84,3 m.kr. eru millifærðar af málaflokki 24.20 *Sérfræðiþjónusta og hjúkrun* vegna samnings um geðheilsuteymi fanga sem heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hefur tekið að sér.

### **24.20 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 1.135,9 m.kr. en breytingin er af þrennum toga. Í fyrsta lagi er farið fram á 720 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að mæta kostnaði við samninga Sjúkratrygginga Íslands í kórónuveirufaraldrinum. Annars vegar eru samningar um skimanir og hraðpróf og hins vegar samningur um tímabundna mönnun á Landspítala á álagstímum vegna heimsfaraldursins. Í öðru lagi er gert ráð fyrir viðbótarfjárveitingu vegna endurmats á útgjöldum ársins 2022 hjá Sjúkratryggingum vegna tannlækninga. Áætlanir gera nú ráð fyrir að hallinn stefni í 260 m.kr. Í þriðja lagi eru millifærslur sem nettó breyta fjárheimild málaflokksins um 155,7 m.kr. til hækkunar. Um er að ræða 84,3 m.kr. á málaflökk 24.10 *Heilsugæsla* vegna geðheilsuteymis fanga sem verður í umsjón Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Þá eru millifærðar 50 m.kr. á málaflökk 32.30 *Stjórnsýsla heilbrigðismála* vegna samnings um neyslurými. Að lokum eru millifærðar 290 m.kr. af málaflökki 24.10 *Heilsugæsla* vegna lækkunar á greiðsluþátttöku sjúkratryggðra.

### **24.30 Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun**

Gert er ráð fyrir að 68 m.kr. millifærslu af málaflökki 24.10 *Heilsugæsla*. Annars vegar 58 m.kr. vegna lækkunar á greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í þjálfun og hins vegar 10 m.kr. vegna kaupa á hjálpartækjum.

### **24.40 Sjúkraflutningar**

Gert er ráð fyrir að fjárheimild málaflokksins hækki um 174,1 m.kr. Annars vegar er gerð tillaga um 168 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að mæta kostnaði við sjúkraflutninga á tímum heimsfaraldursins. Hins vegar er lagt til að millifæra 6,1 m.kr. af málaflökki 24.10 *Heilsugæsla* vegna breytingar á reglugerð um ferðakostnað. Breytingin felur í sér heimild til að fjölga ferðum innan lands samkvæmt ákveðnum skilyrðum.

## **25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta**

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði aukin um 1.035 m.kr.

### **25.10 Hjúkrunar- og dvalarrými**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins hækki um 1.020 m.kr., þar af eru 877,4 m.kr. vegna aukinna útgjalda hjúkrunarheimila vegna kórónuveirufaraldursins á yfirstandandi ári, sbr. umfjöllun um kostnað heilbrigðisstofnana í umfjöllun um málaflökk 23.10 *Sérhæfð sjúkrahúsiþjónusta*. Auk þess er um að ræða 142,6 m.kr. kostnað vegna sérstakrar COVID-deildar á Eir (Hlíðarskjóli) og leigu á húsnæði dagdvalar Eirar.

### **25.20 Endurhæfingarþjónusta**

Gerð er tillaga um 15 m.kr. auknar fjárheimildir til að mæta kostnaði við samning Sjúkratrygginga Íslands við Reykjalund um endurhæfingu sjúklinga sem fengu COVID-19 og þurfa mikla endurhæfingu.

## 26 Lyf og lækningavörur

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði aukin um 4.144,3 m.kr.

### 26.10 Lyf

Gert er ráð fyrir að fjárheimild málaflokksins aukist um 3.215,3 m.kr. Þar vega þyngst 2.640 m.kr. vegna endurmats á útgjöldum ársins. Hallinn er til kominn vegna aukins kostnaðar í ákveðnum lyfjaflokkum, svo sem í flokkum sykursýkislyfja, örvandi lyfja og verkjalyfja. Þá er farið fram á 306 m.kr. viðbótarfjárveitingu til leyfisskyldra lyfja til að mæta ófyrirséðum kostnaði við kaup á lyfjum sem notuð eru í Covid-19 faraldrinum. Að lokum eru millifærðar 269,3 m.kr. af málaflokki *24.10 Heilsugæsla* vegna lækunar á greiðslu sjúkratryggðra lífeyrisþega í fyrsta þrepi greiðsluþáttökukerfis lyfja. Fyrsta lyfjaþrepið sem er án greiðsluþáttöku hefur jafnan reynst þyngst í skauti fyrir tekjuminni hópa, svo sem lífeyrisþega og barnafjölskyldur.

### 26.30 Hjálpartæki

Gerð er tillaga um 929 m.kr. hækkun sem skýrist af þremur tilefnum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir viðbótarfjárveitingu vegna endurmats á útgjöldum ársins. Áætlanir gera nú ráð fyrir að halli í árslok nemi um 715 m.kr. Þegar tillit hefur verið tekið til framlaga vegna lækunar greiðsluþáttöku. Í öðru lagi eru 165 m.kr. millifærðar af málaflokki *24.10 Heilsugæsla* vegna kaupa á hjálpartækjum, m.a. á hjúkrunarheimilum. Í þriðja lagi eru 49 m.kr. millifærðar af málaflokki *24.10 Heilsugæsla* til kaupa á öndunarvélum.

## 27 Örorða og málefni fatlaðs fólks

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði aukin um 1.055 m.kr.

Breytingar á fjárheimild málefнасviðsins skýrast af fjórum þáttum. Í fyrsta lagi hækkar fjárheimildin um 2.875 m.kr. vegna dóms Hæstaréttar á árinu um að óheimilt sé að skerða framfærsluþbót á þeim forsendum að einstaklingur hafi búið hluta starfsævi sinnar erlendis. Gert er ráð fyrir að greiðslur vegna yfirstandandi árs nemi 375 m.kr. og 2.500 m.kr. vegna undanfarinna fjögurra ára. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að fjárheimildin hækki um 1.580 m.kr. vegna 3% hækkunar bóta almannatrygginga frá 1. júní sl. sem var liður í efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar til að draga úr áhrifum verðbólgu á lífskjör viðkvæmustu hópa samfélagsins. Í þriðja lagi er lagt til að fjárheimildin hækki um 650 m.kr. vegna eingreiðslna til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega. Um er að ræða áframhald sérstakra greiðslna sem örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar fengu árin 2019-2021. Í fjórða lagi vegur á móti 4.050 m.kr. lækun vegna minni fjölgunar örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Eftirfarandi tafla sýnir hver áhrifin af framangreindum útgjaldatilefnum eru á málaflokka málefнасviðsins:

Breyting fjárheimildar eftir tilefnum og málaflokkum	m.kr.
<b>27.10 Bætur skv. lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir</b> .....	<b>0</b>
3% hækkun bóta almannatrygginga .....	990
Nýliðun örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega .....	-990
<b>27.20 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, örorka</b> .....	<b>405</b>
3% hækkun bóta almannatrygginga .....	590
Greiðsla vegna Hæstaréttardóms um framfærsluuppbot .....	2.875
Nýliðun örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega .....	-3.060
<b>27.40 Aðrar örorkugreiðslur (Önnur velferðarmál, lífeyristrygg.)</b> .....	<b>650</b>
Eingreiðsla til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega .....	650
<b>Samtals</b> .....	<b>1.055</b>

## 29 Fjölskyldumál

Lagt er til að fjárheimild málefna sviðsins verði hækkuð um 2.968,8 m.kr.

### 29.10 Barnabætur

Lagt er til að veita 1.100 m.kr. fjárheimild til barnabótaauka. Ráðist var í mótvægisáðgerðir til að draga úr áhrifum verðbólgu á lífskjör viðkvæmustu hópa samfélagsins í samræmi við áðgerðir sem ríkisstjórnin samþykkti í maí sl. Greiddur var barnabótaauki til þeirra sem fá tekjutengdar barnabætur að fjárhæð 20 þús.kr. með hverju barni.

### 29.20 Fæðingarorlof

Gerð er tillaga að 1.200 m.kr. hækkun framlags til Fæðingarorlofssjóðs til samræmis við endurmat á áætluðum útgjöldum ársins. Umframútgjöldin má rekja til lengingar fæðingarorlofsréttar, auk þess sem nýting réttarins dreifist yfir lengra tímabil. Samanburður fyrir tímabilið janúar–ágúst á árunum 2020–2022 sýnir að umsóknum hefur fjölgað um 8%, fjöldi tekinnna daga hefur aukist um 7,5% og heildarkostnaður vegna fæðingarorlofs hækkað um 14,5%.

### 29.30 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, fjölskyldur

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði lækkuð um 300 m.kr. sem skýrist af millifærslu á málaflokk 29.40 *Annar stuðningur við fjölskyldur og börn*.

Umsóknum um mæðra- og feðralaun hefur ekki fjölgað eins og gert var ráð fyrir og er því svigrúm til að mæta fjölgun þeirra sem fá umönnunargreiðslur.

### 29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 673,5 m.kr. og skýrist það af fjórum tilefnum.

Í fyrsta lagi er gert er ráð fyrir að millifæra 300 m.kr. af málaflokki 29.30 *Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, fjölskyldur* vegna fjölgunar þeirra sem fá greiddar umönnunargreiðslur. Fjölgunin nemur 3,3% sem af er ári, auk þess sem óvenju hátt hlutfall nýrra umsækjenda á árinu hefur fengið eingreiðslu þar sem umsókn hefur komið seint og þurft hefur að greiða mánuði afturvirk.

Í öðru lagi er lagt til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 280 m.kr. vegna ákvörðunar um að ráðast í aðgerðir til að bregðast við félagslegum áhrifum heimsfaraldurs. Um er að ræða verkefni sem heyra undir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og snúa að stuðningi við félagsstarf aldraðra og hópa í viðkvæmri stöðu, aukið félagsstarf fatlaðs fólks og úrræði fyrir gerendur og þolendur kynferðis- og heimilisofbeldis.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir 100 m.kr. framlagi til að bregðast við löngum biðtíma í úrræði fyrir börn og fjölskyldur þeirra, en kórónuveirufaraldurinn hefur gert það að verkum að biðtími í flest úrræði hefur lengst enn frekar og fara þarf í tímabundnar bráðaaðgerðir til að bregðast við. Markmiðið með aðgerðunum er að stytta sem allra fyrst biðlista í helstu úrræði á vegum stjórnvalda, þar á meðal hjá Ráðgjafar- og greiningarstöð, en þar voru 326 börn á bið eftir þverfaglegri greiningu í upphafi árs, og Barna- og fjölskyldustofu þar sem 38 börn biðu eftir þjónustu. Tillagan er hluti af niðurstöðu starfshóps um félags- og heilsufarslegar aðgerðir.

Í fjórða lagi er gerð tillaga um 30 m.kr. framlag til mennta- og barnamálaráðuneytisins. Í fjárukaalögum vorið 2020 var veitt 30 m.kr. fjárfestingarheimild í gegnum fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar vegna heimsfaraldurs sem ætlað var að standa straum af undirbúningi gagnagrunns í barnavernd sem var þá á hugmyndastigi. Í fjárlögum 2021 var 150 m.kr. tímabundin fjárheimild veitt til viðbótar. Við uppskiptingu verkefna félagsmálaráðuneytis vegna breytinga á Stjórnarráðinu fluttust málefni barna til mennta- og barnamálaráðuneytisins. Við lokauppgjör og flutning fjárheimildar frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti til mennta- og barnamálaráðuneytis varð fyrrnefnd fjárfestingarheimild eftir í bókum félags- og vinnumarkaðsráðuneytis. Breytingin nú er því liður í að leiðrétta og koma fjárheimildinni á réttan stað.

Í fimmta lagi eru 36,5 m.kr. millifærðar af varasjóði málaflokksins á málaflokk 32.40 *Stjórnsýsla félagsmála* vegna aukinna verkefna á aðalskrifstofu félags- og vinnumarkaðsráðuneytis er lúta að örorku og málefnum fatlaðs fólks, auk málefna eldra fólks og útlendinga.

## **29.70 Málefni innflytjenda og flóttamanna**

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 295,3 m.kr. sem skýrist af þremur tilefnum.

Í fyrsta lagi er lagt til að 340 m.kr. verði veittar vegna fyrirhugaðra samninga við sveitarfélög um samræmda móttöku flóttamanna. Óvissa ríkir um verkefnið vegna fjölda flóttafólks en áætlanir gera ráð fyrir að heildarfjárþörf vegna samninganna verði 695 m.kr. Gert er ráð fyrir að hluta af fjárþörfinni verði mætt með útgjaldasvigrúmi sem er til staðar innan málaflokksins.

Í öðru lagi er gerð tillaga um að millifæra 14,7 m.kr. á málaflokk 32.40 *Stjórnsýsla félagsmála* vegna vinnu félags- og vinnumarkaðsráðuneytis í málefnum innflytjenda og flóttafólks. Vinna innan félags- og vinnumarkaðsráðuneytis hefur á undanförunum árum verið að hluta fjármögnuð í gegnum málaflokkinn, eða sem nemur einni stöðu, og því er lagt til að millifæra kostnaðinn á aðalskrifstofu ráðuneytisins. Í fjárlagafrumvarpi ársins 2023 hefur þegar verið millifært á aðalskrifstofuna til frambúðar vegna vinnu ráðuneytisins sem snýr að málefnum innflytjenda og móttöku flóttamanna.

Í þriðja lagi er gerð tillaga um millifærslu fjárheimildar að fjárhæð 30 m.kr. á málaflokk 22.20 *Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig*. Stefnit er á að styrkja námskeiðahald í íslensku fyrir útlendinga og flytja fjárheimild innan ársins..

## 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins haldist óbreytt en að 93,2 m.kr. fjárheimild verði millifærð milli málaflokka innan sviðsins.

### 30.10 Vinnumál og atvinnuleysi

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 93,2 m.kr. sem skýrist af tveimur millifærslum af málaflokki *30.20 Vinnumarkaður*. Annars vegar er lagt til að millifæra 80 m.kr. til að mæta kostnaði Vinnumálastofnunar vegna flutnings hennar í nýtt húsnæði á árinu. Hins vegar er lagt til að 13,2 m.kr. verði millifærðar til að mæta uppsafnaðri neikvæðri stöðu vegna starfsendurhæfingar.

### 30.20 Vinnumarkaður

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins lækki um 93,2 m.kr. vegna tveggja millifærslna á málaflokk *30.10 Vinnumál og atvinnuleysi*, sbr. umfjöllun á þeim málaflokki.

## 31 Húsnæðis- og skipulagsmál

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði aukin um 382,6 m.kr.

### 31.10 Húsnæðismál

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 382,6 m.kr. sem skýrist af tveimur tilefnum.

Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 384,4 millifærslu af málaflokki *06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál* en verkefni tengd fasteignaskrá og fasteignamati fluttust frá Þjóðskrá Íslands til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á árinu og byggir ákvörðunin á samþykkt laga um fasteignaskrá sem tóku gildi þann 1. júlí 2022. Upphæðir fjárhæða taka mið af hálfu rekstrarári í samræmi við gildistöku laganna. Markmiðið er að einfalda og efla þjónustu við fólk og fyrirtæki á sviði húsnæðismála og tryggja enn frekari samhæfingu milli ríkisstofnana og sveitarfélaga.

Í öðru lagi er lagt til að 2,7 m.kr. fjárfestingarframlag flytjist af málaflokki *06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál* vegna flutnings fasteignaskrár frá Þjóðskrá Íslands til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

## 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála

Lagt er til að fjárheimild málefнасviðsins verði aukin um 220,7 m.kr.

### 32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit

Gerð er tillaga um 118,7 m.kr. aukafjárheimild til málaflokksins sem annars vegar skýrist af 104 m.kr. viðbótarfjárveitingu til að mæta ófyrirséðum kostnaði hjá embættis landlæknis í kórónuveirufaraldrinum. Meðal útgjalda hjá embættinu er rakningarteymið sem starfrækt hefur verið í gegnum faraldurinn. Hins vegar er gerð tillaga um 14,7 m.kr. millifærslu af málaflokki



23.10 Sérhæfð sjúkrahúspjónusta vegna aukinna útgjalda hjá embætti landlæknis vegna innleiðingar fjármögnunar samkvæmt DRG.

### 32.30 Stjórnsýsla heilbrigðismála

Farið er fram á 50,8 m.kr. viðbótarfjárveitingu til málaflokksins. Annars vegar 0,8 m.kr. vegna Sjúkratrygginga Íslands til að mæta auknu álagi á stofnuninni í kórónuveirufaraldrinum og hins vegar 50 m.kr. millifærsla vegna samnings um neyslurými.

### 32.40 Stjórnsýsla félagsmála

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 51,2 m.kr. vegna tveggja millifærslna. Annars vegar er um að ræða 14,7 m.kr. millifærslu af málaflokki 29.70 *Málefni innflytjenda og flóttamanna* vegna vinnu félags- og vinnumarkaðsráðuneytis í málefnum innflytjenda og flóttamanna. Hins vegar er lagt til að 36,5 m.kr. verði millifærðar af málaflokki 29.40 *Annar stuðningur við fjölskyldur og börn* vegna aukinna verkefna innan ráðuneytisins er lúta að örorku og málefnum fatlaðs fólks, auk málefna eldra fólks og útlendinga.

## 33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 37.048 m.kr.

### 33.10 Fjármagnskostnaður

Gerð er tillaga um að hækka fjárheimild málaflokksins um 37 ma.kr. vegna endurmats á vaxtagjöldum ársins. Breytingin skýrist nær alfarið af hærri verðbótum, sem reiknaðar eru af höfuðstól verðtryggðra lána, en hækkun verðbóta nemur tæplega 36 ma.kr. vegna umtalsvert hærri verðbólgu á þessu ári en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir. Verðbætur ber að færa til vaxtagjalda á rekstrargrunni og eru þær færðar til gjalda á því tímabili sem þær myndast. Á hinn bóginn hafa þær takmörkuð áhrif á greiðslufærði ríkissjóðs fyrr en við endurgreiðslu lánsins þar sem verðbætur leggjast við höfuðstól. Í áætlunum er gert ráð fyrir að verðbætur lækki strax á næsta ári og árin þar á eftir samhliða lækkandi verðbólgu. Nánari umfjöllun um fjármagnskostnað er að finna í kafla 3.3 *Gjöld*.

### 33.20 Ríkisábyrgðir

Lagt er til að veitt verði 48 m.kr. framlag vegna greiðslu á ríkisábyrgðum vegna stuðningslána. Í lögum nr. 38/2020 um fjárstuðning til minni rekstraraðila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru er kveðið á um að ríkissjóður ábyrgist stuðningslán sem lánastofnun sem hefur samið við Seðlabanka Íslands veitir rekstraraðila sem uppfyllir ákveðin skilyrði. Sú ákvörðun var tekin varðandi þessi lán að ekki yrði metin ákveðin fjárhæð á þennan fjárlagalið í upphafi vegna mikillar óvissu um hver þróunin yrði.

## 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 5.981 m.kr.

### 34.20 Sértækar fjárráðstafanir

Lagt er til að fjárheimild málaflokksins verði aukin um 5.981 m.kr. vegna kaupa á hluta Landsbankahússins við Austurbakka 2. Þar af eru um 1,4 ma.kr. vegna framkvæmda við aðlögun á húsnæðinu. Fyrirhugað er að starfsemi utanríkisráðuneytisins verði komið fyrir í byggingunni, ásamt því að nýta hluta hennar undir sýningar- og menningartengda starfsemi á vegum Listasafns Íslands og er þá einkanlega horft til samtímalistar.

## 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna

Lagt er til að fjárheimild málefnasviðsins verði aukin um 400 m.kr.

### 35.10 Þróunarsamvinna

Gerð er tillaga um 400 m.kr. framlag í mannúðar- og efnahagsaðstoð til Úkraínu sem væri til viðbótar við þær 1.030 m.kr. sem Ísland hefur nú þegar skuldbundið til mannúðar- og efnahagsaðstoðar til Úkraínu. Sérstaklega er horft til efnahagsaðstoðar í gegnum Alþjóðabankann, í samræmi við óskir úkraínskra stjórnvalda.

Frá því að allsherjarinnrás Rússlands í Úkraínu hófst 24. febrúar sl. hafa íslensk stjórnvöld lofað stuðningi við Úkraínu upp á alls 1.183 m.kr. Skiptist það þannig að 1.030 m.kr. (87%) hafa farið í mannúðar-, þróunar- og efnahagsstuðning auk 153 m.kr. (13%) í stuðning sem er beintengdur hernaðarlegum vörnum Úkraínu og er þar einkum um flutninga á hergögnum að ræða.

Mannúðar- og efnahagsstuðningur Íslands við Úkraínu hefur verið fjármagnaður af þróunarsamvinnufé á kostnað framlaga til annarra brýnna alþjóðlegra verkefna. Það sem af er þessu ári hafa 10,3% þróunarframlaga Íslands verið eyrnamerkt Úkraínu, en sambærileg hlutföll fyrir hin Norðurlöndin eru á bilinu 3,5% (Svíþjóð) til 7,4% (Finnland).

# Fylgirit með frumvarpi til fjáráukalaga fyrir árið 2022, sbr. lög nr. 72/2022.

---

## Efnisyfirlit

	Bls.
<b>Yfirlit</b>	
Inngangur.....	3
1. Fjárveitingar eftir hagrænni skiptingu.....	4
2. Fjárveitingar eftir málaflokkum og ráðuneytum .....	14
3. Fjárveitingar eftir ráðuneytum, stofnunum og verkefnum .....	24



## Inngangur

Í frumvarpi til fjárlaga og frumvarpi til fjáraukalaga eru fjárheimildir ríkissjóðs (A1-hluta) sundurgreindar eftir málefnasviðum og málaflokkum. Skipting fjárheimilda málaflokka í fjárveitingar til ríkisaðila og annarra verkefna sem tilheyra ríkissjóði (A1-hluta) birtist í fylgiriti sem lagt er fram samhliða fjárlagafrumvarpi og fjáraukalagafrumvarpi. Þetta fylgirit er frábrugðið fylgiriti fjárlagafrumvarps og fjárlaga að því leyti að hér er ekki sýnd sundurliðun á áætluðum tekjum ríkissjóðs (A1-hluta) samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli um opinber fjármál, ekki yfirlit yfir skuldbindandi þjónustu- og styrktarsamninga og ekki forsendur fjárveitinga sem byggjast á reiknilíkönum eða sérstökum reiknireglum og fyrirhugaðar breytingar á þessum líkönum og reglum. Í fylgiritinu er einungis sýnd nánari skipting fjárveitinga til stofnana og verkefna til samræmis við tillögur að breyttum fjárheimildum í frumvarpinu.

Efni fylgiritsins er í þremur yfirlitum og er sem hér segir:

- Skipting á breytingum á fjárheimildum málefnasviða og málaflokka samkvæmt frumvarpinu í fjárveitingar til ríkisaðila í A1-hluta og verkefna. Fjárveitingar til ríkisaðila greinast í rekstrarframlög, rekstrartilfærslur, fjármagnstilfærslur og fjárfestingarframlög. Einnig er gerð grein fyrir áætluðum rekstrartekjum ríkisaðila og verkefna og framlagi úr ríkissjóði.
- Sundurliðun fjárveitinga til ríkisaðila og verkefna í A1-hluta eftir málefnasviðum, málaflokkum og ráðuneytum.
- Sundurliðun fjárveitinga til ríkisaðila og verkefna eftir ráðuneytum.

**Yfirlit 1**  
**Skipting fjárheimilda í fjárveitingar fyrir árið 2022 til ríkisaðila, verkefna og í varasjóði málaflokka í A1-hluta eftir hagrenni skiptingu**

	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildar- fjárheimild	Rekstrar- tekjur	Framlag úr ríkisjóði
Rekstrargrunnur, m.kr.							
<b>03 Eðsta stjórnýsla</b> .....	<b>-32,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>32,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
<b>03.30 Forsætisráðuneyti</b> .....	<b>-32,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>32,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
<i>01-201 Fasteignir forsætisráðuneytis</i> .....	<i>-32,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>32,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>
101 Fasteignir forsætisráðuneytis .....	-32,0	0,0	0,0	0,0	-32,0	0,0	-32,0
601 Tæki og búnaður .....	0,0	0,0	0,0	32,0	32,0	0,0	32,0
<b>04 Utanríkismál</b> .....	<b>650,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>650,0</b>	<b>0,0</b>	<b>650,0</b>
<b>04.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál</b> .....	<b>650,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>650,0</b>	<b>0,0</b>	<b>650,0</b>
<i>03-213 Varnarmál</i> .....	<i>650,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>650,0</i>	<i>0,0</i>	<i>650,0</i>
101 Varnarmál .....	650,0	0,0	0,0	0,0	650,0	0,0	650,0
<b>05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla</b> .....	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
<b>05.10 Skattar og innheimta</b> .....	<b>-75,9</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-75,9</b>	<b>0,0</b>	<b>-75,9</b>
<i>09-998 Varasjóðir málaflokka</i> .....	<i>-75,9</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>-75,9</i>	<i>0,0</i>	<i>-75,9</i>
110 Varasjóður málaflokks 05-10 .....	-75,9	0,0	0,0	0,0	-75,9	0,0	-75,9
<b>05.30 Fjármálaumsýsla ríkisins</b> .....	<b>35,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>35,0</b>	<b>0,0</b>	<b>35,0</b>
<i>09-998 Varasjóðir málaflokka</i> .....	<i>35,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>35,0</i>	<i>0,0</i>	<i>35,0</i>
130 Varasjóður málaflokks 05-30 .....	35,0	0,0	0,0	0,0	35,0	0,0	35,0
<b>05.40 Stjórnýsla ríkisfjármála</b> .....	<b>40,9</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>40,9</b>	<b>0,0</b>	<b>40,9</b>
<i>09-998 Varasjóðir málaflokka</i> .....	<i>40,9</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>40,9</i>	<i>0,0</i>	<i>40,9</i>
140 Varasjóður málaflokks 05-40 .....	40,9	0,0	0,0	0,0	40,9	0,0	40,9
<b>06 Hagskýrslugerð og grunnskrár</b> .....	<b>-384,4</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-387,1</b>	<b>257,6</b>	<b>-129,5</b>
<b>06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og</b> .....	<b>-384,4</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-387,1</b>	<b>257,6</b>	<b>-129,5</b>
<i>10-601 Þjóðskrá Íslands</i> .....	<i>-384,4</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>-2,7</i>	<i>-387,1</i>	<i>257,6</i>	<i>-129,5</i>
101 Þjóðskrá Íslands .....	-384,4	0,0	0,0	0,0	-384,4	257,6	-129,5
601 Tæki og búnaður .....	0,0	0,0	0,0	-2,7	-2,7	0,0	-2,7
<b>07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar</b> .....	<b>0,0</b>	<b>1.786,6</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>1.786,6</b>	<b>0,0</b>	<b>1.786,6</b>
<b>07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar</b> .....	<b>0,0</b>	<b>1.786,6</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>1.786,6</b>	<b>0,0</b>	<b>1.786,6</b>
<i>16-521 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á</i> .....	<i>0,0</i>	<i>1.750,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>1.750,0</i>	<i>0,0</i>	<i>1.750,0</i>
110 Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á .....	0,0	1.750,0	0,0	0,0	1.750,0	0,0	1.750,0
<i>16-528 Nýsköpun og atvinnuþróun</i> .....	<i>0,0</i>	<i>-23,4</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>-23,4</i>	<i>0,0</i>	<i>-23,4</i>
130 Alþjóðlegt samstarf og kynningarmál .....	0,0	-15,9	0,0	0,0	-15,9	0,0	-15,9
197 Nýsköpun og atvinnuþróun, ýmis framlög .....	0,0	-7,5	0,0	0,0	-7,5	0,0	-7,5
<i>17-528 Nýsköpun og atvinnuþróun</i> .....	<i>0,0</i>	<i>60,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>60,0</i>	<i>0,0</i>	<i>60,0</i>
197 Nýsköpun og atvinnuþróun, ýmis framlög .....	0,0	60,0	0,0	0,0	60,0	0,0	60,0

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildar- fjárheimild	Rekstrar- tekjur	Framlag úr ríkisjóði
08 Sveitarfélög og byggðamál	0,0	2.230,0	0,0	0,0	2.230,0	0,0	2.230,0
08.10 Framlög til sveitarfélaga	0,0	2.230,0	0,0	0,0	2.230,0	0,0	2.230,0
10-801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	0,0	2.230,0	0,0	0,0	2.230,0	0,0	2.230,0
110 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin	0,0	1.830,0	0,0	0,0	1.830,0	0,0	1.830,0
111 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, sérstök	0,0	400,0	0,0	0,0	400,0	0,0	400,0
09 Almanna- og réttaröryggi	363,9	0,0	0,0	46,1	410,0	0,0	410,0
09.10 Löggesla	335,8	0,0	0,0	46,1	381,9	0,0	381,9
06-303 Ríkislögreglustjóri	260,0	0,0	0,0	0,0	260,0	0,0	260,0
101 Ríkislögreglustjóri	260,0	0,0	0,0	0,0	260,0	0,0	260,0
06-310 Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu	111,9	0,0	0,0	0,0	111,9	0,0	111,9
101 Lögreglustjórnin á höfuðborgarsvæðinu	111,9	0,0	0,0	0,0	111,9	0,0	111,9
06-317 Lögreglustjórnin á Austurlandi	-16,1	0,0	0,0	16,1	0,0	0,0	0,0
101 Lögreglustjórnin á Austurlandi	-16,1	0,0	0,0	0,0	-16,1	0,0	-16,1
601 Tæki og búnaður	0,0	0,0	0,0	16,1	16,1	0,0	16,1
06-318 Lögreglustjórnin á Suðurlandi	-30,0	0,0	0,0	30,0	0,0	0,0	0,0
101 Lögreglustjórnin á Suðurlandi	-30,0	0,0	0,0	0,0	-30,0	0,0	-30,0
601 Tæki og búnaður	0,0	0,0	0,0	30,0	30,0	0,0	30,0
06-390 Ýmis löggeslu- og öryggismál	30,0	0,0	0,0	0,0	30,0	0,0	30,0
110 Ýmis löggesluskostnaður	30,0	0,0	0,0	0,0	30,0	0,0	30,0
06-998 Varasjóðir málaflokka	-20,0	0,0	0,0	0,0	-20,0	0,0	-20,0
115 Varasjóður málaflokks 09-10	-20,0	0,0	0,0	0,0	-20,0	0,0	-20,0
09.50 Fullnustumál	28,1	0,0	0,0	0,0	28,1	0,0	28,1
06-501 Fangelsismálastofnun ríkisins	28,1	0,0	0,0	0,0	28,1	0,0	28,1
101 Fangelsismálastofnun ríkisins	28,1	0,0	0,0	0,0	28,1	0,0	28,1
10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnýsla dómsmála	-39,0	0,0	0,0	29,0	-10,0	0,0	-10,0
10.10 Persónuvernd	3,2	0,0	0,0	-3,2	0,0	0,0	0,0
06-251 Persónuvernd	3,2	0,0	0,0	-3,2	0,0	0,0	0,0
101 Persónuvernd	3,2	0,0	0,0	0,0	3,2	0,0	3,2
601 Tæki og búnaður	0,0	0,0	0,0	-3,2	-3,2	0,0	-3,2
10.30 Sýslumenn	-4,0	0,0	0,0	4,0	0,0	0,0	0,0
06-449 Sýslumaður Vestmannaeyja	-4,0	0,0	0,0	4,0	0,0	0,0	0,0
101 Sýslumaður Vestmannaeyja	-4,0	0,0	0,0	0,0	-4,0	0,0	-4,0
601 Tæki og búnaður	0,0	0,0	0,0	4,0	4,0	0,0	4,0

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildar- fjárhæmild	Rekstrar- tekjur	Framlag úr ríkisjóði
<b>10.40 Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis</b> .....	<b>-31,2</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>21,2</b>	<b>-10,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-10,0</b>
<i>06-101 Dómsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa</i> .....	<i>-5,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>5,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>
101 Dómsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa .....	-5,0	0,0	0,0	0,0	-5,0	0,0	-5,0
601 Tæki og búnaður .....	0,0	0,0	0,0	5,0	5,0	0,0	5,0
<b>06-111 Kosningar</b> .....	<b>-16,2</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>16,2</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
101 Landskjörstjórn .....	-16,2	0,0	0,0	0,0	-16,2	0,0	-16,2
601 Tæki og búnaður .....	0,0	0,0	0,0	16,2	16,2	0,0	16,2
<b>06-190 Ýmis verkefni</b> .....	<b>-30,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-30,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-30,0</b>
198 Ýmis framlög dómsmálaráðuneytis .....	-30,0	0,0	0,0	0,0	-30,0	0,0	-30,0
<b>06-998 Varasjóðir málaflokka</b> .....	<b>20,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>20,0</b>	<b>0,0</b>	<b>20,0</b>
125 Varasjóður málaflokks 10-40 .....	20,0	0,0	0,0	0,0	20,0	0,0	20,0
<b>10.50 Útendingamál</b> .....	<b>-7,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>7,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
<i>06-151 Kerunefnd útendingamála</i> .....	<i>-7,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>7,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>
101 Kerunefnd útendingamála .....	-7,0	0,0	0,0	0,0	-7,0	0,0	-7,0
601 Tæki og búnaður .....	0,0	0,0	0,0	7,0	7,0	0,0	7,0
<b>11 Samgöngu- og fjarskiptamál</b> .....	<b>0,0</b>	<b>352,2</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>352,2</b>	<b>0,0</b>	<b>352,2</b>
<b>11.10 Samgöngur</b> .....	<b>0,0</b>	<b>300,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>300,0</b>	<b>0,0</b>	<b>300,0</b>
<i>10-211 Vegagerðin</i> .....	<i>0,0</i>	<i>300,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>300,0</i>	<i>0,0</i>	<i>300,0</i>
115 Styrkir til almenningssamangana .....	0,0	300,0	0,0	0,0	300,0	0,0	300,0
610 Framkvæmdir á vegakerfinu .....	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
<b>11.20 Fjarskipti</b> .....	<b>0,0</b>	<b>52,2</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>52,2</b>	<b>0,0</b>	<b>52,2</b>
<i>10-190 Ýmis verkefni</i> .....	<i>0,0</i>	<i>52,2</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>52,2</i>	<i>0,0</i>	<i>52,2</i>
150 Samningar um póst- og fjarskiptamál .....	0,0	52,2	0,0	0,0	52,2	0,0	52,2
<b>12 Landbúnaður</b> .....	<b>63,4</b>	<b>2.255,6</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>2.319,0</b>	<b>0,0</b>	<b>2.319,0</b>
<b>12.10 Stjórnun landbúnaðarmála</b> .....	<b>0,0</b>	<b>2.189,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>2.189,0</b>	<b>0,0</b>	<b>2.189,0</b>
<i>04-801 Nautgriparekt</i> .....	<i>0,0</i>	<i>317,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>317,0</i>	<i>0,0</i>	<i>317,0</i>
121 Samningur um starfsskiptyrði i .....	0,0	317,0	0,0	0,0	317,0	0,0	317,0
<b>04-805 Sauðfjárrekt</b> .....	<b>0,0</b>	<b>760,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>760,0</b>	<b>0,0</b>	<b>760,0</b>
121 Samningur um starfsskiptyrði sauðfjárreктar .....	0,0	760,0	0,0	0,0	760,0	0,0	760,0
<b>04-807 Garðyrkja</b> .....	<b>0,0</b>	<b>140,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>140,0</b>	<b>0,0</b>	<b>140,0</b>
121 Samningur um starfsskiptyrði framleiðenda .....	0,0	140,0	0,0	0,0	140,0	0,0	140,0
<b>04-811 Búnaðarlagasamningur</b> .....	<b>0,0</b>	<b>522,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>522,0</b>	<b>0,0</b>	<b>522,0</b>
121 Samningur um verkefni samkvæmt .....	0,0	522,0	0,0	0,0	522,0	0,0	522,0
<b>04-983 Ýmiss stuðningur við landbúnað</b> .....	<b>0,0</b>	<b>450,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>450,0</b>	<b>0,0</b>	<b>450,0</b>
110 Ýmiss stuðningur við landbúnað .....	0,0	450,0	0,0	0,0	450,0	0,0	450,0



Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildar- fjárhæmild	Rekstrar- tekjur	Framlag úr ríkisjóði
<b>12.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í</b>	<b>-86,6</b>	<b>66,6</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-20,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-20,0</b>
<i>04-432 Matvælaöryggi</i>	<i>-86,6</i>	<i>36,6</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>-50,0</i>	<i>0,0</i>	<i>-50,0</i>
110 Matvælarannsóknir	-46,6	46,6	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
115 Tilvísunarrannsóknastofur	-40,0	-10,0	0,0	0,0	-50,0	0,0	-50,0
<b>04-853 Bjargráðasjóður</b>	<b>0,0</b>	<b>30,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>30,0</b>	<b>0,0</b>	<b>30,0</b>
110 Bjargráðasjóður	0,0	30,0	0,0	0,0	30,0	0,0	30,0
<b>12.60 Stjórnsýsla matvælaráðuneytis</b>	<b>150,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>150,0</b>	<b>0,0</b>	<b>150,0</b>
<i>04-101 Matvælaráðuneyti, aðalskrifstofa</i>	<i>150,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>150,0</i>	<i>0,0</i>	<i>150,0</i>
101 Matvælaráðuneyti, aðalskrifstofa	150,0	0,0	0,0	0,0	150,0	0,0	150,0
<b>13 Sjávarútvegur og fiskeldi</b>	<b>-50,0</b>	<b>-50,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-100,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-100,0</b>
<b>13.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í</b>	<b>-50,0</b>	<b>-50,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-100,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-100,0</b>
<i>04-982 Ýmis framlög í sjávarútvegi</i>	<i>-50,0</i>	<i>-50,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>-100,0</i>	<i>0,0</i>	<i>-100,0</i>
110 Ýmis framlög í sjávarútvegi	-50,0	-50,0	0,0	0,0	-100,0	0,0	-100,0
<b>17 Umhverfismál</b>	<b>-70,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>70,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
<b>17.10 Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>71,0</b>	<b>71,0</b>	<b>0,0</b>	<b>71,0</b>
<i>14-212 Vatnajökulsþjóðgarður</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>71,0</i>	<i>71,0</i>	<i>0,0</i>	<i>71,0</i>
601 Tæki og búnaður	0,0	0,0	0,0	10,5	10,5	0,0	10,5
641 Framkvæmdir	0,0	0,0	0,0	60,5	60,5	0,0	60,5
<b>17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands</b>	<b>25,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-25,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
<i>14-412 Veðurstofa Íslands</i>	<i>25,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>-25,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>
101 Almennur rekstur	25,0	0,0	0,0	0,0	25,0	0,0	25,0
601 Tæki og búnaður	0,0	0,0	0,0	-25,0	-25,0	0,0	-25,0
<b>17.50 Stjórnsýsla umhverfismála</b>	<b>-95,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>24,0</b>	<b>-71,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-71,0</b>
<i>14-190 Ýmis verkefni</i>	<i>-95,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>-95,0</i>	<i>0,0</i>	<i>-95,0</i>
190 Styrkir, framlög og verkefni	-95,0	0,0	0,0	0,0	-95,0	0,0	-95,0
<b>14-211 Umhverfisstofnun</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>24,0</b>	<b>24,0</b>	<b>0,0</b>	<b>24,0</b>
601 Tæki og búnaður	0,0	0,0	0,0	24,0	24,0	0,0	24,0
<b>18 Menning, listir, íþróttar- og askulýðsmál</b>	<b>235,6</b>	<b>953,4</b>	<b>0,0</b>	<b>-85,0</b>	<b>1.104,0</b>	<b>0,0</b>	<b>1.104,0</b>
<b>18.10 Safnamál</b>	<b>25,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-25,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
<i>16-201 Listasafn Íslands</i>	<i>25,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>-25,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>
101 Listasafn Íslands	25,0	0,0	0,0	0,0	25,0	0,0	25,0
601 Tæki og búnaður	0,0	0,0	0,0	-25,0	-25,0	0,0	-25,0
<b>18.20 Menningarstofnanir</b>	<b>206,1</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-60,0</b>	<b>146,1</b>	<b>0,0</b>	<b>146,1</b>
<i>16-231 Þjóðleikhúsið</i>	<i>206,1</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>-60,0</i>	<i>146,1</i>	<i>0,0</i>	<i>146,1</i>
101 Þjóðleikhúsið	206,1	0,0	0,0	0,0	206,1	0,0	206,1
601 Tæki og búnaður	0,0	0,0	0,0	-60,0	-60,0	0,0	-60,0

Rekstrarunnum, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildar- fjárhæmild	Rekstrar- tekjur	Framlag úr ríkisjóði
<b>18.30 Menningarsjóðir</b> .....	<b>0,0</b>	<b>457,5</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>457,5</b>	<b>0,0</b>	<b>457,5</b>
<b>16-251 Launasjóðir listamanna</b> .....	<b>0,0</b>	<b>125,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>125,0</b>	<b>0,0</b>	<b>125,0</b>
101 Launasjóðir listamanna .....	0,0	125,0	0,0	0,0	125,0	0,0	125,0
<b>16-295 Samn. og styrkir til starfsemi á sviði lista og</b> ..	<b>0,0</b>	<b>332,5</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>332,5</b>	<b>0,0</b>	<b>332,5</b>
110 Útflutningssjóður íslenskrar tónlistar .....	0,0	40,0	0,0	0,0	40,0	0,0	40,0
121 Samn. og styrkir til starfsemi á sviði lista og ..	0,0	177,5	0,0	0,0	177,5	0,0	177,5
124 Starfsemi atvinnuleikhópa .....	0,0	25,0	0,0	0,0	25,0	0,0	25,0
125 Tónlistarsjóður .....	0,0	50,0	0,0	0,0	50,0	0,0	50,0
126 Hjólritunarsjóður tónlistar .....	0,0	40,0	0,0	0,0	40,0	0,0	40,0
<b>18.40 Íþróttar- og æskulýðsmál</b> .....	<b>0,0</b>	<b>480,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>480,0</b>	<b>0,0</b>	<b>480,0</b>
<b>02-988 Samningar og styrkir til æskulýðsmála</b> .....	<b>0,0</b>	<b>130,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>130,0</b>	<b>0,0</b>	<b>130,0</b>
121 Samningar og styrkir til æskulýðsmála .....	0,0	130,0	0,0	0,0	130,0	0,0	130,0
<b>02-989 Samningar og styrkir til íþróttamála</b> .....	<b>0,0</b>	<b>350,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>350,0</b>	<b>0,0</b>	<b>350,0</b>
113 Samningar og styrkir til íþróttamála .....	0,0	350,0	0,0	0,0	350,0	0,0	350,0
<b>18.50 Stjórnsýsla menningar og viðskipta</b> .....	<b>4,5</b>	<b>15,9</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>20,4</b>	<b>0,0</b>	<b>20,4</b>
<b>16-101 Menningar- og viðskiptaráðuneyti,</b> .....	<b>4,5</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>4,5</b>	<b>0,0</b>	<b>4,5</b>
101 Menningar- og viðskiptaráðuneyti, .....	4,5	0,0	0,0	0,0	4,5	0,0	4,5
<b>16-190 Ýmis verkefni</b> .....	<b>0,0</b>	<b>15,9</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>15,9</b>	<b>0,0</b>	<b>15,9</b>
121 Ýmis viðskipta- og bankamál .....	0,0	15,9	0,0	0,0	15,9	0,0	15,9
<b>20 Framhaldsskólastig</b> .....	<b>10,5</b>	<b>15,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>25,5</b>	<b>0,0</b>	<b>25,5</b>
<b>20.10 Framhaldsskólar</b> .....	<b>10,5</b>	<b>15,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>25,5</b>	<b>0,0</b>	<b>25,5</b>
<b>02-314 Sameiginleg verkefni og þjónusta</b> .....	<b>65,5</b>	<b>-40,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>25,5</b>	<b>0,0</b>	<b>25,5</b>
110 Sameiginleg verkefni og þjónusta .....	65,5	-40,0	0,0	0,0	25,5	0,0	25,5
<b>02-315 Orlof og endurmenntun kennara</b> .....	<b>-55,0</b>	<b>55,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
110 Orlof og endurmenntun kennara .....	-55,0	55,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
<b>21 Háskólastig</b> .....	<b>-65,5</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-65,5</b>	<b>0,0</b>	<b>-65,5</b>
<b>21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi</b> .....	<b>-65,5</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-65,5</b>	<b>0,0</b>	<b>-65,5</b>
<b>17-216 Landbúnaðarháskóli Íslands</b> .....	<b>-65,5</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-65,5</b>	<b>0,0</b>	<b>-65,5</b>
101 Landbúnaðarháskóli Íslands .....	-65,5	0,0	0,0	0,0	-65,5	0,0	-65,5
<b>22 Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og</b> ..	<b>0,0</b>	<b>100,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>100,0</b>	<b>0,0</b>	<b>100,0</b>
<b>22.10 Leikskóla- og grunnskólastig</b> .....	<b>0,0</b>	<b>30,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>30,0</b>	<b>0,0</b>	<b>30,0</b>
<b>02-720 Sérstök fræðslaverkefni</b> .....	<b>0,0</b>	<b>30,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>30,0</b>	<b>0,0</b>	<b>30,0</b>
131 Sérstök fræðsluverkefni .....	0,0	30,0	0,0	0,0	30,0	0,0	30,0
<b>22.20 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á</b> ..	<b>0,0</b>	<b>70,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>70,0</b>	<b>0,0</b>	<b>70,0</b>
<b>07-450 Íslenskukennsla fyrir útlendinga</b> .....	<b>0,0</b>	<b>30,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>30,0</b>	<b>0,0</b>	<b>30,0</b>
110 Íslenskukennsla fyrir útlendinga .....	0,0	30,0	0,0	0,0	30,0	0,0	30,0

Rekstragrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildar- fjárhæimild	Rekstrar- tekjur	Framlag úr ríkisjóði
<b>07-452 Fræðslumiðstöð avinnulífsins</b> .....	<b>0,0</b>	<b>40,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>40,0</b>	<b>0,0</b>	<b>40,0</b>
110 Fræðslumiðstöð avinnulífsins .....	0,0	40,0	0,0	0,0	40,0	0,0	40,0
<b>23 Sjúkrahúsþjónusta</b> .....	<b>10.066,1</b>	<b>-345,8</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>9.720,3</b>	<b>0,0</b>	<b>9.720,3</b>
<b>23.10 Sérhæft sjúkráhusþjónusta</b> .....	<b>9.937,5</b>	<b>-345,8</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>9.591,7</b>	<b>0,0</b>	<b>9.591,7</b>
<b>08-358 Sjúkrahúsið á Akureyri</b> .....	<b>902,4</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>902,4</b>	<b>0,0</b>	<b>902,4</b>
101 Sjúkrahúsið á Akureyri .....	902,4	0,0	0,0	0,0	902,4	0,0	902,4
<b>08-373 Landspítali</b> .....	<b>8.989,8</b>	<b>-345,8</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>8.644,0</b>	<b>0,0</b>	<b>8.644,0</b>
101 Landspítali .....	8.989,8	-345,8	0,0	0,0	8.644,0	0,0	8.644,0
<b>08-379 Sjúkrahús, óskipt</b> .....	<b>45,3</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>45,3</b>	<b>0,0</b>	<b>45,3</b>
101 Óskipt framlag til reksturs sjúkráhusa .....	45,3	0,0	0,0	0,0	45,3	0,0	45,3
<b>23.20 Almenn sjúkráhusþjónusta</b> .....	<b>128,6</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>128,6</b>	<b>0,0</b>	<b>128,6</b>
<b>08-716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands</b> .....	<b>39,5</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>39,5</b>	<b>0,0</b>	<b>39,5</b>
111 Sjúkrasvið .....	39,5	0,0	0,0	0,0	39,5	0,0	39,5
<b>08-726 Heilbrigðisstofnun Vestfirjða</b> .....	<b>14,9</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>14,9</b>	<b>0,0</b>	<b>14,9</b>
111 Sjúkrasvið .....	14,9	0,0	0,0	0,0	14,9	0,0	14,9
<b>08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands</b> .....	<b>7,3</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>7,3</b>	<b>0,0</b>	<b>7,3</b>
111 Sjúkrasvið .....	7,3	0,0	0,0	0,0	7,3	0,0	7,3
<b>08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands</b> .....	<b>66,9</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>66,9</b>	<b>0,0</b>	<b>66,9</b>
111 Sjúkrasvið .....	66,9	0,0	0,0	0,0	66,9	0,0	66,9
<b>24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkráhusa</b> .....	<b>1.944,7</b>	<b>1.414,9</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>3.359,6</b>	<b>0,0</b>	<b>3.359,6</b>
<b>24.10 Heilsugesla</b> .....	<b>1.934,7</b>	<b>46,9</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>1.981,6</b>	<b>0,0</b>	<b>1.981,6</b>
<b>08-500 Heilsugeslustöðvar, almennt</b> .....	<b>-690,0</b>	<b>-37,4</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-727,4</b>	<b>0,0</b>	<b>-727,4</b>
110 Heilsugeslustöðvar, almennt .....	-690,0	-37,4	0,0	0,0	-727,4	0,0	-727,4
<b>08-506 Heilsugesla á höfuðborgarsvæðinu</b> .....	<b>1.586,0</b>	<b>84,3</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>1.670,3</b>	<b>0,0</b>	<b>1.670,3</b>
101 Heilsugesla á höfuðborgarsvæðinu .....	1.586,0	84,3	0,0	0,0	1.670,3	0,0	1.670,3
<b>08-507 Heilsugeslaþjónusta samkvæmt reiknilikani</b> .....	<b>91,8</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>91,8</b>	<b>0,0</b>	<b>91,8</b>
120 Læknavaktin .....	91,8	0,0	0,0	0,0	91,8	0,0	91,8
<b>08-716 Heilbrigðisstofnun Vesturlands</b> .....	<b>94,7</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>94,7</b>	<b>0,0</b>	<b>94,7</b>
101 Heilsugeslusvið .....	94,7	0,0	0,0	0,0	94,7	0,0	94,7
<b>08-726 Heilbrigðisstofnun Vestfirjða</b> .....	<b>14,1</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>14,1</b>	<b>0,0</b>	<b>14,1</b>
101 Heilsugeslusvið .....	14,1	0,0	0,0	0,0	14,1	0,0	14,1
<b>08-757 Heilbrigðisstofnun Norðurlands</b> .....	<b>357,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>357,0</b>	<b>0,0</b>	<b>357,0</b>
101 Heilsugeslusvið .....	357,0	0,0	0,0	0,0	357,0	0,0	357,0
<b>08-777 Heilbrigðisstofnun Austurlands</b> .....	<b>99,8</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>99,8</b>	<b>0,0</b>	<b>99,8</b>
101 Heilsugeslusvið .....	99,8	0,0	0,0	0,0	99,8	0,0	99,8

Rekstragrunnur, m.kr.	Rekstrar- framlög	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Fjárfestingar- framlög	Heildar- fjárhæmild	Rekstrar- tekjur	Framlag úr ríkisjóði
<b>08-787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands</b> .....	<b>208,7</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>208,7</b>	<b>0,0</b>	<b>208,7</b>
101 Heilsugæslusvið .....	208,7	0,0	0,0	0,0	208,7	0,0	208,7
<b>08-791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja</b> .....	<b>172,6</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>172,6</b>	<b>0,0</b>	<b>172,6</b>
101 Heilsugæslusvið .....	172,6	0,0	0,0	0,0	172,6	0,0	172,6
<b>24.20 Sérfræðipjónusta og hjúkrun</b> .....	<b>0,0</b>	<b>1.135,9</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>1.135,9</b>	<b>0,0</b>	<b>1.135,9</b>
<b>08-206 Sjúkratryggingar</b> .....	<b>0,0</b>	<b>1.135,9</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>1.135,9</b>	<b>0,0</b>	<b>1.135,9</b>
111 Lækniskostnaður .....	0,0	-134,3	0,0	0,0	-134,3	0,0	-134,3
135 Tannlæktengar .....	0,0	550,0	0,0	0,0	550,0	0,0	550,0
191 Annað .....	0,0	720,2	0,0	0,0	720,2	0,0	720,2
<b>24.30 Sjúkrabjálfun, iðjubjálfun og talbjálfun</b> .....	<b>10,0</b>	<b>58,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>68,0</b>	<b>0,0</b>	<b>68,0</b>
<b>08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi</b> .....	<b>58,0</b>	<b>58,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>116,0</b>	<b>0,0</b>	<b>116,0</b>
155 Niðurgreiðsla hjálpartækja vegna heymar- og ..	58,0	58,0	0,0	0,0	116,0	0,0	116,0
